

61. ársþing HSÍ

Laugardalshöll

Laugardaginn 28. apríl 2018

Þinggerð



Formaður HSÍ, Guðmundur B. Ólafsson, setti ársþing HSÍ í Laugardalshöll á sextugasta og fyrsta afmælisárinu, þann 28. apríl 2018.

1. Þingsetning og staðfesting á lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi

Til þings var boðað 27. mars 2018 með rafrænum hætti. Það er fyrir lögboðinn fyrirvara. Þingið er því lýst löglegt.

2. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

Tilnefnd voru:

- Alfreð Örn Finnsson
- Anna I. Jónsdóttir
- Bjarki Sigurðsson

Enginn hreyfði andmælum eða kom með aðrar tillögur. Töldust þau því réttkjörin. Tók nefndin til starfa strax.

3. Kosning þingforseta og varþingforseta

Formaður HSÍ bar fram tillögu um Grím Sigurðsson sem þingforseta og Kristján Gauk Kristjánsson sem varþingforseta. Var það samþykkt samhljóða með lófataki og gagtillögulaust. Töldust þeir því réttkjörnir. Tók nýskipaður þingforseti þegar til starfa.

4. Kosning þingritara og varþingritara

Nýkjörinn þingforseti lagði til Kolbrúnu Helgu Hansen sem þingritara og Magnús Kára Jónsson sem varþingritara. Engar aðrar tillögur bárust né mótmæli og þau því lýst réttkjörin. Tóku þau þegar til starfa.

5. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerðin liggur fyrir á þinginu. Hún hefur líka verið send öllum félögum og er á heimasíðu félagsins. Enginn lagði fram athugasemdir við þinggerð síðasta árs.

6. Ávörp gesta

Ávörpum gesta var frestað þangað til í lok þingsins.

Sigríður Jónsdóttir, fulltrúi ÍSÍ, fékk orðið. Hún veitti heiðurskross ÍSÍ og gullmerki ÍSÍ.

Kjartan K. Steinbeck var sæmdur heiðursmerki ÍSÍ

Kjartan steig í pontu og þakkaði fyrir sig.

Þá voru þau Ásta Óskarsdóttir og Guðjón L. Sigurðsson sæmd gullmerki ÍSÍ.

7. Álit kjörbréfanefndar

Alfreð Finnson sté í pontu og las upp mætingu þingfulltrúa.

Í húsi eru núna 40 atkvæði, af þeim alls 89 atkvæðum sem eiga rétt til setu á þingi.

Mætt eru:

Afturelding: Jón Júlíus Karlsson, Þorvaldur Einarsson, Bernharð Eðvarsson
FH: Ásgeir Jónsson, Sigurður Örn Þorleifsson, Sverrir Reynisson, Jóhannes Runólfsson
Fjölirnir: Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, Arnór Ásgeirsson, Rúnar Tómasson, Hans Liljendal Karlsson
Fram: Þór Björnsson, Ingunn Gísladóttir
Fylkir: Arna Hrund Arnardóttir, Anna Ósk Kolbeinsdóttir, Helga Helgadóttir, Halldóra Ingvarsdóttir
Gróttan: Kristín Þórðardóttir, Andri Sigfússon
Haukar: Þorgeir Haraldsson, Herbert Sigfússon, Guðborg Halldórsdóttir, Gunnar Magnússon
KA: Siguróli Magni Sigurðsson, Haddur Júlíus Stefánsson, Ingvar Gíslason, Sævar Pétursson
Mílan: Örn Þrastarson
Selfoss: Þórir Haraldsson, Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson
Stjarnan: Karl Danielsson, Hrönn Steinsdóttir, Inga Steinunn Björgvinsdóttir
Valur: Hörður Gunnarsson, Svala Þormóðsdóttir, Óskar Bjarni Óskarsson, Gísli Gunnlaugsson
Víkingur: Bjarki Rafn Eiríksson, Fannar H. Rúnarsson, Nanna Guðmundsdóttir

8. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins

Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:

- Arnar Þorkelsson
- Guðborg Halldórsdóttir
- Sævar Pétursson

Enginn hreyfði við mótbárum eða bar fram aðrar tillögur.

Þau voru lýst réttkjörin í fjárhagsnefnd.

Í sameinaða allsherjar- og laganefnd voru tilnefnd:

- Ásgeir Jónsson
- Davíð B. Gíslason
- Þór Björnsson

Það var samþykkt samhljóða og gagentillögulaust.

Þau voru lýst réttkjörin í sameiginlega allsherjar- og laganefnd.

9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Guðmundur B. Ólafsson formaður HSÍ fékk aftur orðið.

Síðasta ár var viðburðaríkt í starfi handknattleikshreyfingarinnar, sagði hann. Gerðar voru margar breytingar á starfsemi sambandsins og samningum um sýningarrétt á leikjum.

Guðmundur sagði að breytingar hefðu orðið á stjórn sambandsins á síðasta ári. Vigfús Þorsteinsson gekk úr stjórn og í hans stað kom Þorbergur aðalsteinsson. Stjórnin átti 13 fundi á árinu og tók á ýmsum málum sem upp komu.

Keppt var eftir nýju fyrirkomulagi í Olís deildinni á þessu ári. Í karla boltanum var 12 liða deild og í kvennaboltanum eru komnar tvær deildir. Guðmundur telur að veturinn hafi sýnt að þetta voru réttar ákvarðanir vegna þess að það var mikil keppni bæði í úrvalsdeildum og fyrstu deildum. Telur hann ákvörðun frá síðasta þingi um þessi mál hafi komið vel út.

Eftir mikla umræður um sjónvarpsmál var tekin sú ákvörðun að ganga til viðræðna við 365 um sýningarrétt á leikjum í Olís deildinni. Guðmundur tók fram að þetta eru alltaf sjónarmið. Sýningarrétturinn hefur verið í um 20 ár hjá RÚV. Það var ljóst að það var ekki mikill áhugi hjá RÚV að sýna mikið frá leikjum í deildinni og sambandið stóð því frammi fyrir þessari stóru spurningu: Viljum við fara í lokaða dagskrá með minna áhorf eða vera með færri leiki þar sem er miklu meira áhorf? Tekinn var sá kostur að semja við 365 og fá þannig umfjöllun inn í samfélagsmiðla með og fá sér þátt um handboltann. Guðmundur telur þetta hafa heppnast mjög vel. Handboltinn hefur fengið meiri umfjöllun en ef þetta hefði verið einungis á RÚV með miklu færri leikjum. Gallinn á samningnum er sá að mun minna er sýnt frá kvennaleikjum en karlaleikjum og borið hefur á gagnrýni fyrir það. Sambandið hefur verið í viðræðum við 365 til að breyta þeim hlutföllum en það verður að segjast eins og er að það hefur ekki verið mikill áhugi þeirra megin nema þá gegn auknu fjármagni sem er ekki til. Þetta er bara verkefni sem þarf að halda áfram að vinna í, að fjölga útsendingum frá kvennaboltanum. Guðmundur tók það fram, sambandinu til varnar, að sýnt er frá miklu fleiri leikjum í kvennadeildinni núna en var áður. Þannig að kvennaboltinn sést meira en áður en þó ekki eins mikið og karlarnir. Þetta sé bara verkefni sem stjórnin verður að taka á og reyna að vinna áfram. Það er engin launung með það að sambandið hefur fengið gagnrýni fyrir það að hafa ekki samið betur en það var bara ekki í hendi þegar samið var við 365. Sambandið hélt samt samningi sínum við RÚV vegna landsleikja og Coca cola bikarsins og hugsunin var sú að halda útbreiðslunni gagnvart landsliðinu og bikarhelginni. Formaðurinn telur að það hafi gengið mjög vel. Coca cola bikarinn gekk einstaklega vel með þessu final four fyrirkomulagi sem hefur verið undanfarin ár og úrslitakeppni yngri flokka á sunnudeginum. Hann áætlað að um 10.000 manns hafi komið í laugardalshöllina þessa helgi, sem er alveg frábært.

Miklar breytingar urðu á skrifstofunni. Einar Þorvarðarson hætti um mitt ár 2017 eftir 20 ára starf og eru honum færðar þakkir fyrir hans góðu störf í þágu sambandsins allan þennan tíma. Þetta er búið að vera mikið álag og fáir starfsmenn. Róbert Gíslason tók við sem framkvæmdastjóri en hann hafði starfað hjá sambandinu í 15 ár áður en hann tók við svo að hann er öllum hnútum kunnugur. Í kjölfarið af því var fyrirkomulaginu á skrifstofunni breytt. Ráðnir voru inn bókarí, Anna og markaðsmaður, Bjarki, síðan var Andri í mótamálunum og Alferð Finns tók við af honum og Einar Guðmunds kom inn í hlutastarf í afreksmálin. Þetta er svolítið stökk. Þetta er kostnaðarauki á skrifstofunni en stjórnin taldi að til þess að geta mætt auknum kröfum, bæði frá samstarfsaðilum út af markaðsmálum og frá ÍSí vegna afrekssjóðsins, þá þyrfti hreinlega að spýta í. Það var bara gert með íslenska laginu og það verður svo bara að reddast síðar. Guðmundur telur að þessar breytingar séu til góðs. Núna eru

um 5,5 stöðugildi í sambandinu en þrátt fyrir það er mjög mikið að gera. Þá þakkaði hann starfsmönnum fyrir mjög vel unnin og góð störf.

Í kjölfarið á því að bókhaldið var tekið inn á skrifstofuna var farið í gagnvera endurskoðun á því. Í ljós kom að bókhaldið hafði ekki verið fært eftir ítrustu reglum og ákveðið var að leiðrétta það þrátt fyrir að það væri kannski svolítið sárt. Tekjur höfðu verið færðar inn á röngu ári, þ.e.a.s. sumt var tekjufært árið 2016 sem átti að vera tekjufært 2017. Ýmiss svona atriði þurfti að lagfæra. Það var ekkert ólöglegt við þetta en neitt slíkt en þetta þýðir það að rekstrarafgangur á þessu ári er mjög stór mínustala upp á um 38 milljónir. Arnar gjaldkeri mun fara betur yfir það hvernig þetta skiptist en í grófum dráttum eru styrktarsamningar núna leiðréttir og færðir yfir á rétt ár og ýmsar ógreiddar og óbókaðar kröfur komu upp, líklega um 22 milljónir, sem teknar voru inn í bókhaldið núna. Jákvæðu tíðindin eru aftur á móti þau að rekstrarafkoman, að þessum hlutum frátöldum, er rétt um núllið. Hún er réttum megin við núllið. Þannig að eins og planið er núna og fjárhagsáætlunin sem liggur fyrir þinginu, þá er gert ráð fyrir hagnaði á árinu 2018. Þannig að þetta er ekki rekstrarlegur vandi núna heldur er bara verið að taka til í bókhaldinu og sýna stöðuna eins og hún er raunverulega. Þannig að það er bjart framundan en þó er þörf á auknum tekjum. Kannski má segja að hluta til sé skýringin fyrir þessu að sambandið er að fá auknar tekjur úr afrekssjóði ÍSÍ, um 12 milljónir króna, sem laga mikið stöðuna en á móti hefur kostnaður aukist af því að það hefur þurft auka starfsmann við að sinna því regluverki sem því fylgir og passa upp á að hlutirnir séu gerðir rétt og vel, sem er grundvöllurinn fyrir því að sambandið getur sótt um þessa styrki.

Í umræðunni á þessu ári fór sambandið ekki varhluta af þessari svokölluðu #metoo umræðu. Hún kom upp í lok árs og byrjun þessa árs og kom svolítið mikið inn á handboltann og sögur úr handboltanum sem sambandið þurfti að svara fyrir. Þetta var tekið fyrir á formannafundi og rætt var um hugsanlegar reglur eða aðgerðir sem hægt væri að framkvæma til þess að koma í veg fyrir að svona atvik, sem verið var að segja frá, gætu gerst aftur. Niðurstaðan á formannafundi var í raun og veru sú að sambandið skyldi vera samstíga ÍSÍ í þeirri vinnu sem var verið að vinna þar varðandi regluverk fyrir félögin. Upp komu hugmyndir um svokallaðan umboðsmann iðkenda sem iðkendur eða foreldrar gætu kvartað til, einhver fagmaður, sem myndi þá taka upp málið innan félagsins en í ljós kom að félögin eru misjafnlega stödd í þessu. Sum félögin voru með svona kerfi fyrir allt félagið, ekki einstaka deildir, og því var tekin ákvörðun um að biðja aðeins og sjá hvernig það kemur út og það kemur aftur til umræðu síðar í dag á þinginu.

Varðandi bættu aðstöðu landsliða og þjóðarleikvang segir Guðmundur að vinna sé í fullum gangi. Hann sé búinn að eiga fund með síðustu þremur eða fjórum menntamálaráðherrum. Ákveðið var á þessu ári að fara í samstarf með körfuboltasambandinu til þess að auka á þennan þrýsting og ásamt því að funda með menntamálaráðuneytinu hefur verið sent erindi á borgarstjórn og viðbrögðin við því eru loksins jákvæð. Þeir eru tilbúnir að setjast niður og ræða um þjóðarleikvang, sem samböndin hugsa sér staðsettan hér í laugardalnum en ekkert útilokað að hann rísi annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Þannig að vonandi fer sú umræða af stað og vonandi mun hún fylgja þessari umræðu um fótboleikvanginn þannig að ekki verði settir einhverjir milljarðatugir í fótboleikvanginn og inni ípróttirnar skildar eftir. Guðmundur telur að samböndin hafi ákveðinn meðbyr með núverandi menntamálaráðherra í

Þessu og skilning á þörfum íþróttagreinanna. Eins og staðan er núna eru landsliðin að æfa hér undir velvilja nágrannasveitarfélaga fyrst og fremst, Garðabæjar og Seltjarnarness og Hafnafjarðar. Þess vegna þarf að pressa á að þessi vinna haldi áfram.

Þá vék Guðmundur umræðunni að fólkskubrotum. Á þessu ári hefur verið tekið aðeins harðar á leikbrotum eða agabrotum innan og utan vallar. Eftir að byrjað var að taka upp alla leiki í deildunum hefur stjórnin treyst sér til þess að senda myndbandsupptökur sem hafa komið upp til aganefndar til þess að úrskurða um refsingar. Með því er verið að reyna að koma í veg fyrir fólkskubrot á velli og þeirri umræðu þarf að halda áfram. Sérstaklega núna í ljósi síðustu leikja þar sem hefur verið mikil harka og mikið andstreymi við ákvörðun aganefndar um leikbönn. Guðmundur telur að sambandið í heild þurfi að taka sér taki í því að uppræta þessi fólkskubrot. Það verði kannski ekki gert nema með því að vera ákveðin í að senda til aganefndar þau brot sem að dómarmar sjá ekki á velli en það þarf að taka þessa umræðu.

Landsliðin okkar hafa staðið sig með miklum sóma. Í kvennaboltanum hefur verið í gangi uppbyggingarferli og það er byrjað að skila árangri. Karlaliðið er að fara núna í mikla endurnýjun. Guðmundur heldur að aldrei hafi jafn ungu liði verið teflt fram af Íslands hönd eins og var á æfingamótinu í Noregi, gullmótinu. Framtíðin er björt hvað það varðar. Heilmikið starf hefur verið í kringum afrekshópana og í samstarfi við Háskólann í Reykjavík hefur sambandið verið að fara yfir þessa grunnþætti sem snúa að líkamsræktinni, næringunni og sálfræðiþættinum. Það er bara svona verkefni sem er algjör grunnvinna gagnvart þessum krökkum. Að þau nái að toppa í sinni íþrótt.

Formaðurinn þakkaði samstarfsaðilum sambandsins og ekki síður starfsmönnum og stjórnarmönnum fyrir gott samstarf á árinu. Tveir aðilar ganga úr stjórn núna, það er Guðjón L. Sigurðsson og Jakob Sigurðsson. Jakob er fluttur til útlanda og starfar þar, í Bretlandi. Guðjón L. er að draga sig í hlé í stjórnarstörfum. Báðir hafa unnið ötull starf og Guðjón til áratuga. Stundum blásið svolítið á hann en hann hefur staðið það alltaf af sér og haldið einstaklega vel utan um alla uppbyggingu og fræðslu dómara og þjálfun þeirra og kennslu þannig að hann hefur verið sem klettur í hafinu í því og honum er þakkað fyrir frábær störf í þágu sambandsins.

Varðandi þingið núna. Varðandi tillögurnar sem eru á þinginu. Þá liggur fyrir tillaga um að breyta kosningafyrirkomulagi í stjórn, þ.e.a.s. að nefndarformenn verði kosnir sérstakri kosningu en ekki það að stjórnin skipti með sér verkum. Þannig að stjórnin verði minni og síðan verði formenn nefnda kosnir beint hér af þingfulltrúum. Þetta tekur einhvern tíma að koma þessu á en fráfarandi stjórn telur að með þessu komist besta fólkið að sem hefur áhuga á þeim málaflokkum sem nefndirnar eru í forsvari fyrir. Þetta verður nánar kynnt á eftir.

Að lokum ávarpaði formaðurinn þingfulltrúa og sagði að hann telji að handboltahreyfingin standi nokkuð góðum fótum. Mikið uppbyggingarstarf er í gangi, hreyfingin á efnilegt íþróttafólk, félögin eru að standa sig mjög vel og eins og kemur fram í fjárhagsyfirlitinu á eftir þá hafa félögin verið mjög dugleg að taka til í skuldunum gagnvart sambandinu. Ber að hrósa ykkur þingfulltrúum fyrir það, hvernig þið hafið tekið á málum. Framtíðin er mjög björt og mikill meðbyr gagnvart hreyfingunni. Með þessum orðum lauk Guðmundur máli sínu og óskaði þingfulltrúum góðs gengis á þinginu.

SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ

60. ársþing HSÍ var haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 22. apríl 2017 og var Guðmundur B. Ólafsson endurkjörinn formaður HSÍ.

Ein breyting varð á stjórn HSÍ en úr stjórn fór Vigfús Þorsteinsson en í hans stað var Þorbergur Aðalsteinsson kjörinn til tveggja ára.

Þá voru Hjördís Guðmundsdóttir, Hjalti Hreinsson og Davíð Gíslason endurkjörin til tveggja ára.

Þau sem áttu eftir eitt ár af kjörtímabili sínu voru Guðríður Guðjónsdóttir, Jakob Sigurðsson, Guðjón L. Sigurðsson og Arnar Þorkelsson.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 13 formlega fundi en þar fyrir utan voru haldnir 3 fundir með formönnum aðildarfélaganna. Snérust þeir fundir um málefni hreyfingarinnar, s.s markaðsmál sjónvarpsmál, Olís deildina, Coca Cola bikarinn, #metoo umræður, málefni yngri flokka og komandi ársþing sambandsins.

Sú breyting varð á deildarkeppnum að hjá körlum var leikið í 12 liða úrvalsdeild og 12 liða 1. deild auk 2. deildar. Liðum hefur fjölgað talsvert með tilkomu ungmennaliða. Hjá konunum var áfram leikið í tveim deildum, 8 lið í úrvalsdeild og 9 lið í 1.deild. Fyrirkomulagið hefur gengið vel og hefur verið mikil spennan í öllum deildum.

Samið var við 365 miðla um sýningarrétt frá Olísdeildum karla og kvenna. Hér var um mikla breytingu að ræða en sambandið hafði verið með samning við RÚV í yfir 20 ár. Með breytingunni var stefnt að meiri umræðu um deildirnar í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum þrátt fyrir að leikir væru sýndir í lokaðri dagskrá. Hefur þetta gefist vel og er sýnt frá mun fleiri leikjum í beinni útsendingu. Þó eru sýndir færri leikir hjá konum en körlum en á móti þá eru þeir mun fleiri en undanfarin ár. Þá hefur handboltapátturinn Seinni bylgjan skapað mikla og skemmtilega umræðu á samfélagsmiðlum.

Samið var um RÚV um útsendingar á Coca Cola bikarnum og landsleikjum sem tryggir áfram góða útbreiðslu handboltans.

Einar Þorvarðarson lét af störfum sem framkvæmdastjóri á miðju ári en Einar hafði verið starfsmaður sambandsins í tæp 20 ár og lengst af sem framkvæmdastjóri.

Róbert Geir Gíslason starfsmaður sambandsins til margra ára tók við sem framkvæmdastjóri. Gerðar voru fleiri breytingar á skrifstofu og ráðinn starfsmaður til að sinna bókhaldi. Ný staða íþróttastjóra var sett á laggirnar og ráðinn markaðsstjóri. Stöðugildi skrifstofu eru nú 5,5.

Farið var í gagngera endurskoðun á bókhaldi. Kom þá í ljós að staða sambandsins var mun verri en ráð var fyrir gert. Tap ársins er 38 milljónir króna. Skýrist það einkum á því að færa þurfti niður kröfur sem og leiðréttar ýmsar færslur sem gáfu ekki rétta mynd af stöðunni. Ýmsar eldri kröfur komu fram sem ekki hafði verið gert ráð fyrir. Óhætt er að segja að þessi niðurstaða er veruleg vonbrigði en málið samt þess eðlis að nauðsynlegt var að rétta stöðuna af svo hún gæfi rétta mynd. Þrátt fyrir það þá er rekstur á árinu í jafnvægi þó svo að kostnaður vegna landsliða

hefur aldrei verið meiri og munar þá um aukna styrki úr afrekssjóði ISI en þeir jukust um 12 milljónir á árinu. Nauðsynlegt er að auka tekjur til að tryggja áframhaldandi vinnu við uppbyggingu yngri landsliða. Það er lykilinn að því að öll landslið okkar geti haldið áfram að keppa í fremstu röð.

Þó nokkur umræða var í lok árs og fram á þetta ár um “metoo” í íþróttum. Varð handknattleiks-hreyfingin mikið í sviðsljósinu vegna þessa. Í kjölfarið var tekin upp umræða á formannafundi um hvernig bregðast skyldi við. Ljóst var að félögin voru komin mislangt í innra starfi til að bregðast við einelti og kynferðislegri áreitni.

Handboltinn stendur föstum fótum sem þjóðaríþrótt. Unnið hefur verið að því með viðræðum við ríki og borg að fá betri aðstöðu fyrir landsliðin með nýjum þjóðarleikvangi. Nú loks er að komast skriður á það mál þar sem bæði menntamálaráðherra og borgarstjórn hafa lýst áhuga að skoða slíkan leikvang fyrir alvöru.

Miðað við frammistöðu yngri landsliða þá er framtíð handboltans björt. Gæði deildanna hafa aukist með endurkomu reyndari leikmanna frá útlöndum, uppbygging A landsliða gengur vel og er endurnýjun mikli bæði í karla og kvennaflokki.

ÍSLANDSMÓT OLÍS DEILDIRNAR

OLÍS er samstarfsaðili úrvalsdeilda karla og kvenna. Fjármagnið sem kemur út úr þeim samning er notað til kynningar á OLÍS deildinni.

Keppnistímabilið 2017 – 2018 er leikið í fyrsta sinn í langan tíma í 12 liða deild með tvöfaldri umferð og átta liða úrslitakeppni og falla tvö lið. Má segja með því að draumadeildarkeppni margra hafi ræst. Í neðri deildum var svo leikið í bæði 1. og 2. deild og hefur liðum fjölgað mikið með tilkomu ungmennaliða. Í kvennadeildinni var leikið í tveim deildum, 8 lið voru í úrvalsdeild kvenna en 9 í 1. deild. Leikin var þreföld umferð með fjögurra liða úrslitakeppni.

ÍBV varð deildarmeistari karla en Valur deildarmeistari kvenna.

Í fyrstu deild karla sigraði Akureyri og mun taka sæti í úrvalsdeildinni, en fyrsta deildin hefur verið með tólf liðum og gengið vel. Umspilið um laust sæti í OLÍS deildinni er í gangi og leika þar KA og HK til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Í 1. deild kvenna stóð KA/Þór uppi sem sigurvegari og leika í Olísdeildinni næsta haust. Þá léku HK, FH, ÍR og Gróttu í umspili um annað laust sæti í Olísdeildinni og þar stóð HK uppi sem sigurvegari eftir skemmtilega keppni.

Umfjöllun í fjölmiðlum hefur verið góð og hefur aukist til muna eftir nýjan sjónvarpssamning og má segja að Stöð2Sport hafi lyft umfjöllun á hærra plan. Þá hafa mbl.is, visir.is og RÚV einnig staðið sig mjög vel í umfjöllun um Íslandsmótið og bikarkeppnina.

Mörg félög streyma leikjum á netinu sem hefur gefið góða raun og hjálpar við útbreiðslu íþróttarinnar.

COCA COLA BIKARINN.

Úrslitahelgi Coca Cola bikarsins (final four fyrirkomulagið) hefur gefið góða raun undanfarin ár og því varð engin breyting. Í meistaraflokki var spilað fimmtudag, föstudag og úrslitaleikirnir á laugardag en úrslit yngri flokka voru leikin á sunnudeginum. Þetta fyrirkomulag hefur tekist einstaklega vel og hefur verið mjög jákvæð umfjöllun í framhaldi. Allir leikir í meistaraflokki karla og kvenna voru sýndir beint á RUV 1 og 2 og yngri flokkarnir voru sýndir beint á Youtube síðu HSÍ.

Má reikna með að rúmlega tíu þúsund manns hafi komið í Laugardalshöllina þessa helgi og skemmt sér vel hvort sem er á leikjum meistaraflokka eða yngri flokka. Í undanúrslitum mættust hjá körlunum Haukar og ÍBV annars vegar þar sem ÍBV sigraði 27-25. Hinsvegar mættust Selfoss og Fram þar sem Fram stóð uppi sem sigurvegari eftir vítakeppni, 32-31. ÍBV varð svo bikarmeistari eftir sigur á Fram 35-27. Í undanúrslitum kvenna mættust ÍBV og Fram þar sem Fram sigraði 29-26 en í hinum leiknum mættust Haukar og KA/Þór þar sem Haukar sigruðu 23-21. Úrslitaleikurinn var því milli Fram og Hauka þar sem Fram sigraði 30-16 og hampaði bikarmeistaratitlinum.

SAMSTARFSADILAR.

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar. Samstarfið við þessa aðila hefur verið mjög ánægjulegt og byggist rekstur sambandsins mikið á því.

Guðmundur B. Ólafsson formaður.

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KVENNA HSÍ

Nefndarskipan var sem hér segir:

Guðríður Guðjónsdóttir, formaður
Lárus B. Lárusson, ritari
Ásta Björk Sveinsdóttir, nefndarmaður
Brynja Ingimarsdóttir, nefndarmaður
Margrét Berg Theodórsdóttir, nefndarmaður
Ragnheiður Traustadóttir, nefndarmaður

Landsliðsþjálfarar

- A landslið: Axel Stefánsson og Jónatan Magnússon aðstoðarþjálfari. Liðstjóri Þorbjörg Gunnarsdóttir.
- B landslið: Axel Stefánsson, Einar Guðmundsson og Rakel Dögg Bragadóttir.

- U20 ára : Kári Garðarsson og Magnús Kári Jónsson voru með liðið út júlí 2017 en þá tóku þau Stefán Arnarsson og Hrafnhildur Skúladóttir við. Liðstjóri Guðríður Guðjónsdóttir
- U18 ára: Haraldur Þorvarðarson og Sigurgeir Jónsson. Liðstjóri Brynja Ingimarsdóttir.
- U16 ára: Rakei Dögg Bragadóttir, Sigurjón Friðbjörnsson og Ólafur Víðir Ólafsson. Ólafur Víðir hætti störfum í febrúar 2018. Liðstjóri Brynja Ingimarsdóttir.
- Styrktarþjálfari: Fannar Karvel.

Læknir og sjúkráþjálfarar

- Jóhann Róbertsson, læknir.
- Katerina Baumruk, A landslið
- Silja Theodórsdóttir U20
- Hilmar Arnarsson U18.
- Finna þarf sjúkráþjálfara fyrir U16.

Helstu verkefni og áherslur hjá nefndinni

- Að skapa öllum landsliðunum sem besta umgjörð
- Samhæfð þjálfun allra kvenna landsliða
- Þjálfari A-landsliðs leggur línurnar fyrir yngri liðin og er í góðri samvinnu við þjálfara.
- Auka umfjöllun og markaðssetja kvennahandbolta
- Vera sýnilegri í fjölmiðlum
- Handbók fyrir yngri landslið HSÍ
- Halda áfram góðu samstarfi við HR vegna styrktarmælinga allra landsliða.

Handbók yngri landsliða.

Áfram var unnið í handbókinni og hafa þau Brynja Ingimarsdóttir, Lárus B. Lárusson, með aðstoð Ragnheiðar Traustadóttur, og góðri samvinnu við Magnús Kára Jónsson starfsmann HSÍ, komið henni út og er hana að finna á heimsíðu HSÍ:

<http://www.hsi.is/landslid/yngri-landslid/handbok-yngri-landslida/>

Æfingatímar landsliða

Sama vandamálið er alltaf þegar kemur að því að fá æfingatíma fyrir landsliðin. Félögin eru ekki dugleg að gefa HSÍ tíma og skrifstofan á í miklum vandræðum með að útvega æfingatíma fyrir landsliðin. Við erum heppin með það að þeir þjálfarar sem eru að þjálfa hjá okkur hafa getað fengið mikið af tímum fyrir okkur hjá sínum félögum og auðveldað skrifstofunni þessa vinnu.

En þetta þarf samt að vera í betri farvegi og þarf HSÍ að finna einhverja lausn til að þetta gangi betur því oft koma æfingatímarnir fyrir æfingahelgarnar ekki fyrr en rétt fyrir helgarnar og það er ekki gott. Þurfum einhvern veginn að ná meiri samvinnu við félögin og þjálfarana þar.

Landsliðsnefnd

Landsliðsnefnd hefur haldið 6 bókaða fundi, auk annara funda. Nefndin hefur verið í góðu sambandi við skrifstofu HSÍ og þjálfara allra landsliða. Þökkum við fyrir gott samstarf og vonum að samstarfið haldi áfram á sömu braut.

Mót, leikir og úrslit:

A landslið kvenna

Æfingaferð til Danmerkur, 27. – 31. júlí. A landsliðs kvenna fór til Kaupmannahafnar þar sem liðið æfði og spilaði gegn danska liðinu København Håndbold A/S, sterku liði úr dönsku úrvalsdeildinni. Auk þess spilaði íslenska liðið við sænsku meistarana Höörs HK H65. Leikirnir eru hugsaðir sem undirbúningur fyrir undankeppni EM sem hefst í haust. Alls fóru 16 leikmenn og 4 starfsmenn í þessa ferð.

29.júlí.	Kaupm.höfn	Ísland – Köbenhavn HB	20-35
30.júl.	Kaupm.höfn	Ísland – Holland	24-29

Undankeppni EM í Reykjavík og í Tékklandi, 25. sept. – 1. okt. Undankeppni EM hófst í Zlin í Tékklandi þar sem leikið var gegn heimakonum, sá leikur tapaðist. Strax eftir leik var haldið heim til Íslands og leikið gegn sterku liði Dana og tapaðist sá leikur líka.

27.sept.	Zlin	Ísland – Tékkland	23-30
1.okt.	Reykjavík	Ísland – Danmörk	14-29

Vínáttulandsleikir í Þýskalandi og Slóvakíu, 23. - 29. nóvember. Leikið gegn Þjóðverjum og Slóvökum ytra. Eftir stórt tap gegn Þjóðverjum í fyrsta leiknum áttu stelpurnar okkar fína leiki gegn Slóvakíu sem skilaði tveimur sigrum. Í ferðina fóru 16 leikmenn og 6 starfsmenn.

25.nóv.	Dresden	Ísland – Þýskaland	19-32
27.nóv.	Puchov	Ísland – Slóvakía	28-26
28.nóv.	Trencin	Ísland – Slóvakía	27-25

Undankeppni EM í Reykjavík og í Slóveníu, 19. – 26. mars. Stelpurnar okkar áttu frábæran leik gegn Slóveníu í Laugardalshöll þar sem þær voru óheppnar að landa ekki sigri en Slóvenía jafnaði leikinn á lokasekúndunum. Í síðari leik liðanna vann Slóvenía sannfærandi sigur. Í þá ferð fóru 16 leikmenn og 7 starfsmenn.

21.mar.	Reykjavík	Ísland – Slóvenía	30-30
25.mar.	Ljubliana	Ísland – Slóvenía	18-28

Afrekshópur kvenna (B-landslið)

Æfingar afrekshóps (B-landsliðs), janúar, apríl og október. Æfingahópurinn hittist þrisvar á árinu til æfinga undir stjórn Axels Stefánssonar, A landsliðs þjálfara. Hópurinn var eingöngu skipaður leikmönnum úr deildunum hér heima og er hugsaður til að undirbúa leikmenn fyrir verkefni með A landsliðinu.

U-19 ára landslið kvenna

Opna Norðurlandamótið (SOC) í Svíþjóð, 19.-23. júlí. 4 liða mót í Helsingborg þar sem Norðurlandabjóðirnar mættust. Íslensku stelpurnar fengu frábæra leiki gegn 3 liðum sem öll enduðu í top 10 á EM í sumar. 16 leikmenn og 4 starfsmenn fóru á þetta á mót.

20.júl.	Helsingborg	Ísland – Svíþjóð	21-29
21.júl.	Helsingborg	Ísland – Danmörk	21-26
22.júl.	Helsingborg	Ísland – Noregur	18-28

Undankeppni HM í Vestmannaeyjum, 22.-25. júlí. Íslensku stúlkurnar tryggðu sér sæti á HM í sumar með því að vinna 2 leiki af 3 í undanriðlinum. Eini tapleikurinn kom á móti Þjóðverjum en þeim leik lauk með minnsta mun. 16 leikmenn og 4 starfsmenn fóru á þetta á mót.

23.mar.	Vestmannaeyjar	Ísland – Makedónía	35-20
24.mar.	Vestmannaeyjar	Ísland – Þýskaland	24-25
25.mar.	Vestmannaeyjar	Ísland – Litháen	32-18

Frábær árangur hjá liðinu og langt síðan yngra landslið kvenna hefur unnið sér þátttökurétt á lokamóti. Mótið var virkilega vel heppnað í alla staði og eiga þeir Magnús Kári Jónsson og Alferð Finnsson, sem voru starfsmenn HSÍ á mótinu, mikið hrós skilið fyrir frábært starf í allri umgjör mótsins. Að sjálfsögu voru Eyjamenn svo líka allir boðnir og búnir að aðstoða eins og þeirra er von og vísa.

U-17 ára landslið kvenna

Vínáttulandsleikir í Póllandi, 26. - 29. maí. Vínáttulandsleikir við Pólverja, hluti af undirbúningi liðsins fyrir B-deild Evrópumótsins í Makedóníu. 16 leikmenn og 4 starfsmenn fóru í þessa ferð.

27.maí	Kwidzyn	Ísland – Pólland	25-32
28.maí	Kwidzyn	Ísland – Pólland	24-24

EM í Makedóníu, 30. júlí - 7. ágúst. B-deild Evrópumótsins, haldin í Skopje í Makedóníu. Óreynt íslenskt lið lenti í vandræðum í fyrstu leikjunum en var vaxandi eftir því sem leið á mótið. Liðið endaði í 6. sæti af 10 þjóðum. 16 leikmenn og 5 starfsmenn fóru í þessa ferð.

31.júl.	Skopje	Ísland – Kosovo	25-26
2.ágú.	Skopje	Ísland – Búlgaría	19-24

4.ágú.	Skopje	Ísland – Slóvenía	15-28
5.ágú.	Skopje	Ísland – Ísrael	29-18
6.ágú.	Skopje	Ísland – Sviss	27-35

U-15 ára landslið kvenna

Æfingaferð til Akureyrar, 2. – 5. júní. Liðið æfði tvisvar til þrisvar á dag og spilaði leik gegn 3.fl. KA/Þórs. Þá var félagslegi þátturinn í fyrirrúmi og allt gert til þess að þetta hópinn. Í þessa ferð fóru 21 leikmaður og 3 starfsmenn.

Ekki var um opinbera landsleiki að ræða og því voru ekki gerðar leikskýrslur.

Landsliðsnefnd

Landsliðsnefnd hefur haldið 6 bókaða fundi, auk annara funda. Nefndin hefur verið í góðu sambandi við skrifstofu HSÍ og þjálfara allra landsliða. Þökkum við fyrir gott samstarf og vonum að samstarfið haldi áfram á sömu braut.

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KARLA HSÍ

Eftirtaldir skipuðu landsliðsnefnd karla:

Jakob Sigurðsson (formaður)

Einar Einarsson

Ingibjörg Ragnarsdóttir

Páll Ólafsson

Páll Þórólfsson.

Landsliðsþjálfarar:

- A landslið karla: Guðmundur Guðmundsson, Gunnar Magnússon og Thomas Svenson (tóku við af Geir Sveinssyni, Óskari Bjarna Óskarssyni og Ragnari Óskarssyni í janúar sl.).
- B landslið karla: Einar Guðmundsson í samstarfi við þjálfara A landsliðs karla.
- U-20 ára landslið karla: Bjarni Fritzson og Jóhann Ingi Guðmundsson.
- U-18 ára landslið karla: Heimir Ríkarðsson og Magnús Kári Jónsson.
- U-16 ára landslið karla: Maksim Akbachev og Örn Þrastarson.

Læknar og sjúkrabjálfarar:

- A & B landslið karla: Læknar: Brynjólfur Jónsson og Örnólfur Valdimarsson, sjúkrabjálfarar: Jón Birgir Guðmundsson, Elís Þór Rafnsson og Pétur Örn Gunnarsson
- U-20 ára landslið karla: Styrmir Örn Vilmundarson, ekki frágengið með framhaldið.
- U-18 ára landslið karla: Andrés Kristjánsson
- U-16 ára landslið karla: Ketill Heiðar Hauksson, ekki frágengið með framhaldið.

Liðsstjórar:

- A landslið karla: Guðni Jónsson
- B-landslið og U-20 ára landslið karla: Haukur Loftsson
- U-18 ára landslið karla: Björn Eiríksson
- U-16 ára landslið karla: Andri Sigfússon

Helstu verkefni og áherslur

Eftir EM Króatíu var ákveðið að gera ekki nýjan samning við Geir Sveinsson og ráða í hans stað Guðmund Þórð Guðmundsson. Eru Geir þökkuð góð störf undanfarin 2 ár og honum óskað velfarnaðar í því sem hann tekur sér fyrir hendur. Guðmundar bíður spennandi og skemmtilegt verkefni, að halda áfram uppbyggingu íslenska liðsins og vinna með efnilega árganga sem undanfarin ár hafa leikið með yngri landsliðunum.

Í framhaldi af ráðningu Guðmundar var Afrekshópi HSÍ breytt í B landslið sem æfir og leikur undir stjórn Einars Guðmundssonar í samvinnu við þjálfarateymi A landsliðsins. B landslið er hugsað sem undirbúningur fyrir þá leikmenn sem koma til greina í A landsliðið næstu misseri.

Margir efnilegir leikmenn leika með yngri landsliðunum og miklvægt að að skapa þeim sem bestar aðstæður á næstu árum og skila þannig sem flestum leikmönnum í A landsliðið. Það er í okkar höndum að gera þessa ungu og efnilegu leikmönnum að landsliðs- og atvinnumönnum á næstu árum. Lítil þjóð hefur úr færri hæfileikaríkum einstaklingum að velja og því verðum við að hámarka líkurnar á því að lofandi handboltaiðkandi nái að verða leikmaður í heimsklassa. Því skiptir miklu máli að hlúa vel að öllum þeim þáttum sem skapa afreksfólk í handbolta. Hér má nefna fræðslu og eftirfylgni á sviði næringar, styrktarþjálfunar, tækni, leikskilnings, nýtingu á leikgreiningartækni og síðast en ekki síst að hugað sé vel að andlegum styrk. Það er lykilatriði að við hlúum enn betur að okkar hæfileikaríka unga fólki, sköpum og viðhöldum okkar eigin aðferðafræði til að hámarka árangur, takandi mið af því besta sem gert er alls staðar að. Samstarf okkar við Háskólann í Reykjavík er mikilvægur þáttur í raungera þessa sýn, en fleira þarf að koma til.

Leikir, mót og úrslit:

A landslið karla

Undankeppni EM, 4. – 7. maí og 14. – 18. júní. Það var ljóst fyrir þessa leiki að íslenska liðið þyrfti að öllum líkindum að vinna þrjá leiki af fjórum til að tryggja sætið á EM. Íslenska liðið hittist í Þýskalandi og æfði þar við bestu aðstæður fram að leiknum í Makedóníu. Eftir tap í Skopje vann íslenska liðið góðan sigur í Laugardalshöll. Fyrir seinasta hluta undankeppninnar undirbjó liðið sig í Noregi á 4 landa æfingamóti (sjá fyrir neðan, Gjensidige Cup). Tap á útivelli og sigur á heimavelli var líka raunin í lokaumferðunum, en íslenska liðið náði þó sínu aðalmarkmiði og sætið á EM var tryggt. Það var þó gert með því að ná bestum árangri liða í 3. sæti í riðlakeppninni. 16 leikmenn og 6 starfsmenn fóru í þetta verkefni.

4.maí.	Skopje	Ísland – Makedónía	25-30
7.maí.	Reykjavík	Ísland – Makedónía	30-29
14.júní	Brno	Ísland – Tékkland	24-27
18.júní	Reykjavík	Ísland – Úkraína	34-26

Gjensidige Cup í Noregi, 8. – 11. júní. 4 landa mót fyrir seinustu umferð undankeppni EM. Þar sem deildarkeppnin var ekki búin í Þýskalandi og Frakklandi fengu margir ungir leikmenn tækifæri í þessum leikjum. Allir þjóðirnar tóku þátt á HM í janúar s.l. og því var um sterkt mót að ræða. Íslenska liðið hafnaði 3. sæti með 3 stig eins og Svíþjóð en lakari markatölu. Á mótið fóru 17 leikmenn og 6 starfsmenn á mótið.

8.júní	Elverum	Ísland – Noregur	30-36
9.júní	Elverum	Ísland – Pólland	24-21
11.júní	Elverum	Ísland – Svíþjóð	23-23

Vináttulandsleikir gegn Svíum í Reykjavík, 24. – 28. okt. Tveir vináttulandsleikir gegn Svíum í Laugardalshöll, en Ísland á sterka tengingu við sænska liðið þar sem Kristján Andrésson þjálfar liðið. Sænska liðið hefur verið mjög vaxandi undanfarin misseri eins og sést á seinustu 2 stórmótum. Liðin unnu sitthvorn leikinn.

26.okt.	Reykjavík	Ísland – Svíþjóð	31-29
28.okt.	Reykjavík	Ísland – Svíþjóð	24-27

Vináttulandsleikur gegn Japan í Reykjavík, tveir vináttulandsleikir gegn Japan í Laugardalshöll, en Ísland á sterka tengingu við japanska liðið þar sem Dagur Sigurðsson þjálfar liðið. Dagur undirbýr liðið nú fyrir ÓL 2020 en þeir fara fram í Japan. Íslenska liðið vann sigra í báðum leikjum en í síðari leiknum var íslenska liðið meira og minna skipað leikmönnum úr B landsliðinu.

3.jan	Reykjavík	Ísland – Japan	42-25
4.jan	Reykjavík	Ísland – Japan	39-34

Vináttulandsleikur gegn Þýskalandi ytra, seinustu undirbúningsleikirnir fyrir EM í Króatíu. Veikindi höfðu herjað á íslenska liðið í aðdraganda leikjanna og náðu strákarnir sér ekki á strik. 16 leikmenn og 7 starfsmenn fóru til Þýskalands.

5.jan	Stuttgart	Ísland – Þýskaland	29-36
7.jan	Uhl	Ísland – Þýskaland	21-30

EM í Króatíu, strákarnir okkar hófu EM með látum og unnu Svía í fyrsta leik. Í kjölfarið fylgdi tap á móti Króatíu og í seinasta leik sárt tap á móti Serbíu. Íslenska liðið endaði í neðsta sæti riðilsins með jafnmörg stig og Serbar en slakari innbyrðisviðureign. Ísland endaði í 13. af 16 þjóðum á EM. 16 leikmenn og 8 starfsmenn fóru til Króatíu.

12.jan	Split	Ísland – Svíþjóð	26-24
14.jan	Split	Ísland – Króatía	22-29
16.jan	Split	Ísland – Serbía	26-29

Golden league í Noregi, 4. – 9. apríl. Sterkt 4 landa mót í Bergen í Noregi, fyrsta mót Guðmundar Guðmundssonar með liðið eftir að hann tók við í janúar. Töluverð forföll voru í íslensku hópnum og tefldi Guðmundur því fram ungu liði í mótinu. Þrátt fyrir 3 töp í jafnmörgum leikjum átti íslenska liðið í fullu tré gegn þremur af sterkustu landsliðum heims í dag.

5.apr.	Bergen	Ísland – Noregur	29-31
7.apr.	Bergen	Ísland – Danmörk	28-31
8.apr.	Bergen	Ísland – Frakkland	26-28

Afrekshópur karla (B-landslið)

Æfingar afrekshóps (B-landsliðs), október og desember. Æfingahópurinn hittist tvisvar til æfinga í haust undir stjórn Einars Guðmundssonar, íþróttastjóra HSÍ. Hópurinn hugsaður til að undirbúa leikmenn fyrir verkefni með A landsliðinu.

4 landa mót í Hoyten í Holland, 3. – 8. apríl . Íslenska liðið lenti í 2. sæti í riðlinum og lék til úrslita gegn A liði Hollands. Sá leikur tapaðist eftir hörkuleik. 14 leikmenn og 4 starfsmenn fóru í þessa ferð.

4.apr.	Hoyten	Ísland B – Holland	38-36
5.apr.	Hoyten	Ísland B – Holland B	28-25
6.apr.	Hoyten	Ísland B – Japan	39-38
7.apr.	Hoyten	Ísland B – Holland	24-26

U-21 árs landslið karla

Æfingaferð til Frakklands og Þýskalands, 5.-11. júlí. Undirbúningur fyrir HM í Alsír, þrír leikir gegn sterkum liðum Frakklands og Þýskalands. 16 leikmenn og 4 starfsmenn fóru í þessa ferð.

6.júl.	Konstant	Ísland – Þýskalands	33-30
8.júl.	Abbeville	Ísland – Frakkland	21-38
10.júl.	Abbeville	Ísland – Frakkland	29-34

HM í Alsír, 18. – 27. júlí. Liðið endaði í 2. sæti í sínum riðli eftir tap á móti Króatíu í lokaleik riðlakeppninnar. Í 16 liða úrslitum tapaði íslenska liðið gegn Túnis og voru það mikil vonbrigði því íslenska liðið stefndi á verðlaunasæti í mótinu. Íslenska liðið tapaði fyrir Noregi í leik um 11. sætið og endaði í 12. sæti á HM í Alsír. 16 leikmenn og 5 starfsmenn voru með liðinu á HM í Alsír.

18.júl.	Alsír	Ísland – Argentína	36-27
19.júl.	Alsír	Ísland - Saudi Arabía	48-24
21.júl.	Alsír	Ísland – Alsír	25-22
22.júl.	Alsír	Ísland – Marokkó	35-18
24.júl.	Alsír	Ísland – Króatía	26-29
26.júl.	Alsír	Ísland – Túnis	27-28
27.júl.	Alsír	Ísland – Noregur	27-33

U-19 ára landslið karla

Lubecke Handball Tage í Þýskalandi, 28. júní – 5. júlí. Undirbúningsmót fyrir HM í Georgíu í ágúst. Íslenska liðið lék þrjá leiki í mótinu og endaði í 4. sæti af 6 liðum. Eftir mótið æfðu íslensku strákarnir í 3 daga í Þýskalandi við bestu aðstæður. 16 leikmenn og 4 starfsmenn fóru í þessa ferð.

29.jún.	Lubeck	Ísland – Danmörk	30-33
1.júl.	Lubeck	Ísland – Fuchse Berlin	32-27
2.júl.	Lubeck	Ísland – Japan	33-33 (37-38 e. vítakeppni)

HM í Georgíu, 7. – 21. ágúst. Íslenska liðið hóf leik á HM í Georgíu þann 8. ágúst. Liðið vann sinn riðil með fullt hús stiga og mætti Svíþjóð í 16 liða úrslitum. En því miður náðist ekki að skila sigri gegn Svíum og niðurstaðan því 10. sæti þrátt fyrir góða spilamennsku á mótinu. Á mótið fóru 16 leikmenn og 5 starfsmenn.

8.ágú.	Tblisi	Ísland – Japan	26-24
9.ágú.	Tblisi	Ísland – Chile	27-22
11.ágú.	Tblisi	Ísland – Georgía	42-25
12.ágú.	Tblisi	Ísland – Alsír	37-27
14.ágú.	Tblisi	Ísland – Þýskaland	28-27
16.ágú.	Tblisi	Ísland – Svíþjóð	26-31

U-17 ára landslið karla

Opna Evrópumótið í Svíþjóð, 2. – 8. júlí. Íslenska liðinu bauðst þátttaka í tveimur mótum fyrir þennan aldurshóp sumarið 2017 og var ákveðið að senda sitthvorn hópinn á mótin. Það var því hópur 2 sem fór á Opna EM. Mótið er haldið af EHF í samstarfi við sænska handknattleiksambandið ár hvert, til skiptis fyrir stúlkur og drengi. Íslenska liðið fékk fljúgandi start og vann sinn riðil á sannfærandi hátt, eftir tap gegn Austurríki í milliriðli var ljóst að strákarnir myndu spila við Norðmenn um 3. sætið. Þar unnu íslensku strákarnir sætan sigur, vel studdir af nokkur hundruð íslenska áhorfendur sem tóku þátt í Partille Cup á sama tíma. Íslenska liðið endaði í 3. sæti af 16 þjóðum sem tóku þátt. Í ferðina fóru 16 leikmenn og 4 starfsmenn.

3.júl.	Gautaborg	Ísland – Hvíta-Rússland	22-21
3.júl.	Gautaborg	Ísland – Finnland	23-17
4.júl.	Gautaborg	Ísland – Tékkland	22-17

5.júl.	Gautaborg	Ísland – Austurríki	15-30
5.júl.	Gautaborg	Ísland – Pólland	31-28
6.júl.	Gautaborg	Ísland – Eistland	30-27
7.júl.	Gautaborg	Ísland – Noregur	31-25

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Ungverjalandi, 23. – 29. júlí. Átta bestu lið Evrópu léku í Györ, hér var um að ræða fyrsta tækifæri þessara stráka til að reyna sig gegn bestu liðunum í þessum aldursflokki. Þrátt fyrir tap í 4 leikjum af 5 í mótinu voru allir leikirnir í járnum þangað til á lokamínútunum. Strákarnir söknuðu aðalmarkvarðar liðsins sem var með U-21 árs landsliðinu á HM í Alsír. Liðið endaði í 8. sæti á mótinu. Í ferðina fóru 15 leikmenn og 3 starfsmenn.

24.júl.	Györ	Ísland – Slóvenía	26-27
25.júl.	Györ	Ísland – Frakkland	31-34
26.júl.	Györ	Ísland – Spánn	36-27
28.júl.	Györ	Ísland – Danmörk	26-29
29.júl.	Györ	Ísland – Ungverjaland	24-29

Sparkassen Cup í Þýskalandi, 27. – 29. desember. 8 liða mót sem íslenska liðið hefur sótt í um 20 ár samfleytt. Íslenska liðið var með Saar, Póllandi og Hollandi í riðli og vann riðilinn sannfærandi. Eftir stórsigur á Ítalíu í undanúrslitum mætti liðið Þjóðverjum í úrslitaleik. Þar unnu strákarnir okkar eins marks sigur sem er fyrsti sigur íslenska liðsins í sögu þessa móts. Í ferðina fóru 16 leikmenn og 4 starfsmenn.

27.des.	Merzig	Ísland – Saar	31-24
28.des.	Merzig	Ísland – Pólland	31-24
28.des.	Merzig	Ísland – Holland	31-25
29.des.	Merzig	Ísland – Ítalía	33-17
29.des.	Merzig	Ísland – Þýskaland	21-20

U-15 ára landslið karla

Vrilittos í Grikklandi, 30 mars. – 3. apríl. Sterkt mót í Aþenu sem íslenska liðið fékk boð í. Eftir tap í fyrsta leik vann liðið góða sigra gegn Rúmeníu og Króatíu og tryggði sér þannig sæti í undanúrslitum. Strákarnir unnu eins marks sigur á Ísrael í undanúrslitum og spiluðu gegn Króötum í úrslitaleiknum. Sá leikur var í járnum frá fyrstu mínútu til þeirrar seinustu en Króatar skoruðu sigurmarkið á lokasekúndunum, því var silfur niðurstaðan í þessari fyrstu keppnisferð liðsins. Í ferðina fóru 16 leikmenn og 4 starfsmenn.

31.mar.	Aþena	Ísland – Bosnía	26-28
1.apr.	Aþena	Ísland – Rúmenía	28-21
1.apr.	Aþena	Ísland – Króatía	26-25
2.apr.	Aþena	Ísland – Ísrael	25-24
2.apr.	Aþena	Ísland – Króatía	20-21

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ

Mótanefnd 2017/2018

Hjalti Þór Hreinsson, formaður

Bjarki Sigurðsson

Unnur Sigmarsdóttir

Reynir Stefánsson

Marcus Pettersson

Fyrir áramót:

Einar Guðmundsson

Starfsmenn mótanefndar voru tveir á tímabilinu. Fyrir áramót var Andri Sigfússon starfsmaður en eftir áramót Alfreð Örn Finnsson. Þeim er þakkað samstarfið í vetur.

Líkt og áður fer starfsemi mótanefndar að mestu fram með í tölvupóstsamskiptum, og samtölum við fulltrúa félaga, sem var einkum á herðum starfsmanna mótanefndar. Auk þess tók Mótanefnd þátt í Formannafundum yngri flokka og Formannafundum félaga. Nokkuð rót var á mótum almennt framan af vetri en með samstilltu átaki voru þau komin í mjög gott horf eftir áramót. Tímabilið var lærdómsríkt fyrir nýtt fólk, bæði starfsmenn skrifstofu HSÍ og nýtt fólk í Mótanefnd.

Meistaraflokkar

Almenn umræða um mótamál meistaraflokka



Mótanefnd kappkostar við að gæta samræmist í ákvörðunum sínum og eru einstök mál gjarnan fordæmagefandi fyrir önnur. Mæltist þetta vel fyrir í vinnu nefndarinnar.

Nefndin hefur rætt um að félög brjóti alltof oft gegn reglugerðum í yngri flokkum, og virði að vettugi reglugerðir. Þetta kemur niður á íþróttinni og mun nefndin ræða á formannafundi fyrir næsta tímabil hvort efni sé til þess að hækka sektir til jafns við meistaraflokka samkvæmt reglugerðum. Nokkur dæmi voru til að mynda um að ólöglegum liðum hefði verið teflt viljandi fram.

Mikill fjöldi U-liða tekur nú þátt í Íslandsmótinu og er nær helmingur þeirra liða sem spila í deildakeppninni. Þetta er þróun sem þarf að fylgjast vel með, en U-liðin geta haft ýmis áhrif á deildakeppnina. Sem dæmi má taka að ef 10 lið spila í 1. deild karla á tímabilinu 2018/2019, muni sex af tíu liðum vera U-lið. Það þýðir að aðeins fjögur lið eiga möguleika á að komast upp í úrvalsdeild. Eitt lið fer beint upp, en þrjú fara þá í umspil um laust sæti þar sem U-lið geta ekki tekið þátt í umspili. Þó gæti þar komið upp sú staða að aðallið félags falli úr deildinni, og U-lið getur komist upp. Þannig gæti U-lið komist upp í úrvalsdeild en aðalliðið spilað í 1. deild. Af þessu má lesa að fleiri félög þarf til að taka þátt í deildakeppninni þrátt fyrir að ánægjuefni sé að U-liðin komi inn með þeim krafti sem myndast hefur í bæði 1. deildum karla og kvenna og í 2. deild karla.




Deildakeppni karla:

Kept var í Úrvalsdeild (Olís-deildin), 1. deild (Grill 66-deildin) og 2. deild karla, sem eingöngu var skipuð U-liðum. Almenn ánægja ríkti með fyrirkomulag deildanna. Til marks um það bárust engar tillögur fyrir ársþing HSÍ um að breyta fyrirkomulagi deildanna. Mikil fjölgun var í skráningu U-liða sem helgast af því að keppni í 2. flokki var lögð niður og komu U-lið í raun í stað þeirra. Fjögur U-lið léku í 1. deild og 10 í 2. deild.



Deildakeppni kvenna:

Kept var í Úrvalsdeild (Olís-deildin) og 1. deild (Grill 66-deildin). Almenn ánægja ríkti með fyrirkomulag deildanna. Til marks um það bárust engar tillögur fyrir ársþing HSÍ um að breyta fyrirkomulagi deildanna. Nokkrar kærur bárust til mótanefndar en þær voru að mestu lítilsháttar. Eftir sem áður þarf Mótanefnd að skerpa á því að félög fari vel yfir reglugerðir fyrir tímabil og passi að leikmenn séu löglegir fyrir keppnisleiki.



Yngri flokkar

Mótanefnd fékk á sitt borð alltof mörg mál sem tengdust yngri flokkum og þurfti að beita sektum og öðrum aðgerðum þegar við átti. Félög urðu jafnvel uppvís að því að brjóta viljandi gegn reglugerðum og nota til dæmis ólöglega leikmenn, auk þess sem margir höfðu ekki kynnt

sér reglugerðir nægilega vel. Mótanefnd vonast til þess að þetta horfi til betri vegar og mun árétta til félaga fyrir næsta tímabil að kynna sér reglugerðir til hlítar.

Þá má einnig nefna að félög voru mörg hver mjög lengi að ranka við sér og fresta leikjum með stuttum fyrirvara. Þetta getur komið sér mjög illa og var sérstaklega slæmt fyrir félög úti á landi, þar sem félög frestuðu ferðum svo úr varð mikið kraðak að koma öllu fyrir undir lok leiktíðar. Úr þessu þarf að bæta og þarf að brýna þetta fyrir félögum, eins og raunar oft áður.

Skil á leikskýrslum félaga var verulega ábótavant á tímabilinu. Sektir vegna skila hafa verið tekna upp og nema þær 500 kr. á sólarhring. Sektirnar fyrir tímabilið nema alls 515.500 kr. Nokkuð ljóst er að félög geta gert mun betur og mörg hver geta sparað sér fjármuni sem um munar með því að efla þetta verk.

Þá kvörtuðu sum lið af landsbyggðinni yfir skilningsleysi félaga í Reykjavík á gistingu og umfjörð. Mótanefnd bendir á að samkvæmt reglugerðum ber félögum að bjóða upp á gistingu og að huga að því fyrir félög utan af landi.

Einnig er því beint til skipuleggjenda móta að taka tillit til liða af landsbyggðinni, og að reyna að hafa skipulagningu að lið félaga spili nálægt hvort öðru ef hægt er, og að skipulagning henti ferðalögum þessara liða ef kostur er. Þetta þarf að sjálfsögðu að ganga í báðar áttir og að skipulagning sömu liða sé sem best.

Einnig þarf að skoða það þegar félög í 5. og 6. flokki eru að nota ólöglega leikmenn á milli a og b liða í sama móti. Fyrir þessu eru mörg dæmi í vetur. Óskað er eftir því að félög fylgi reglum til hins ítrasta en erfitt er að færa sönnur fyrir slíkum málum, og lítill vilji til að kæra leiki hjá svo ungum krökkum.

Fjöldi félaga og liða í mótum

Ath: Einnig voru haldin önnur minni mót sem eru ekki inni í þessum tölum.

5 flokkur											
KK						KVK					
Eldri			Yngri			Eldri			Yngri		
Félög		lið	Félög		lið	Félög		lið	Félög		lið
Mót 1	16	25	Mót 1	16	26	Mót 1	13	18	Mót 1	13	20
Mót 2	16	29	Mót 2	17	28	Mót 2	14	20	Mót 2	13	20
Mót 3	16	29	Mót 3	16	29	Mót 3	15	19	Mót 3	13	20
Mót 4	15	28	Mót 4	16	29	Mót 4	14	18	Mót 4	11	17
Mót 5	13	24	Mót 5	13	24	Mót 5			Mót 5		

6 flokkur					
KK			KVK		
<i>Eldri</i>			<i>Yngri</i>		
	Félög	lið		Félög	lið
Mót 1	17	39	Mót 1	14	21
Mót 2	18	44	Mót 2	14	25
Mót 3	16	41	Mót 3	15	30
Mót 4	17	43	Mót 4	16	30
7 flokkur			8 flokkur		
KK			KVK		
	Félög	lið		Félög	lið
Mót 1	16	81	Mót 1	14	46
Mót 2	19	86	Mót 2	12	53
Mót 3	15	86	Mót 3	13	62
Mót 4	18	99	Mót 4	15	68
			KK		
				Félög	lið
			Mót 1	12	45
			Mót 2	14	54
			Mót 3	13	60
			Mót 4	12	56
			KVK		
				Félög	lið
			Mót 1	10	20
			Mót 2	9	27
			Mót 3	10	31
			Mót 4	9	27

Sektir

Hér má sjá yfirlit yfir sektir á tímabilinu. Hæsta einstaka sektin var 250.000 kr. Þetta yfirlit er fyrir bæði meistaraflokka og yngri flokka.

Ástæða sektar (fjöldi atvika)	Upphæð sektar
Dregið úr keppni (3)	150.000
Ekki mætt til leiks (4)	325.000
Ólöglegur leikmaður (5)	325.000
Brot á reglugerð (1)	50.000
<i>Samtals</i>	<i>800.000</i>

Með handboltakveðju
Mótanefnd HSÍ.

SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR HSÍ

Haustfundur dómara og eftirlitsmanna var haldinn sunnudaginn 20. ágúst 2017. Eftirfarandi var á dagskrá fundarins;

Dagskrá haustfundar



- 09:00 Ármúli 17A – Upphitun/Morgunleikfimi
- 10:00 Morgunverður ÍSÍ
- 10:30 Kynning á dagskrá dagsins og fyrirlesurum
- 10:45 Videofundur – Síðustu 30 sek leikja (nýtt efni frá EHF)
- 12:00 Skriflegt próf
- 13:00 Hádegisverður
- 13:30 Leikstjórnun - Jørn Møller Nielsen (Fyrirlestur og video)
- 16:30 Undirbúningur fyrir leiki – Kristján Halldórsson
- 17:00 HDSÍ
- 17:30 Niðurstöður prófa, fyrirkomulag niðurröðunar og eftirlits næsta keppnistímabil
- 18:00 Fundi lýkur



Áður en fyrsta umferð í Íslandsmóttinu hófst þurftu dómara að taka líkamlegt próf að hætti EHF/IHF og bóklegt próf í reglum ásamt því að skila inn 5 æfingarleikjum.

Skriflegt próf



- 30 spurningar – 33 rétt svör
- Einstaklingsvinna
- Öll hjálpargögn leyfð
- Próftími max 60 mínútur
- 75% rétt svarhlutfall til að standast
- Þeir sem ekki ná þurfa að búa til 10 prófspurningar úr 10 mismunandi greinum í leikreglum og með tilvísun í þær áður en þeim verður raðað á leiki í efstu deildum.



Búningamál leikmanna



- Sömu reglur og í fyrra
- Framfylgja reglum
- Muna líka eftir spennum og öðru skrauti



Arion banki



samskip



Actavis



VALITOR



Stöð 2



- Áreiti fyrir dómara – Fjallað um handbolta í fyrirsögnum
- Einn talsmaður fyrir dómara
- Ekki reynt að réttlæta augljós mistök
- Allir meðvitaðir um að þeir geri mistök



Arion banki



samskip



Actavis



VALITOR



Samfélagsmiðlar



- Notaðu lokaða síðu fyrir dómara á Facebook til að tjá sig
- Persónuleg, dónaleg ummæli í fjölmiðlum og/eða samfélagsmiðlum eru ekki leyfð. Aganefnd mun taka á þeim málum.
- Félögin taka á óþarfa ummælum leikmanna sinna á samfélagsmiðlum
- Skynsemi er allt sem þarf



Arion banki



samskip



Actavis



VALITOR



Fundur var haldinn með þjálfurum sunnudaginn 3. september þar sem farið var yfir haustfund dómara og þeim kynntar þær áherslur sem þar voru teknar.

Eftirfarandi leiðbeiningarblað var kynnt og þegar dómarar beita útilokun þarf alltaf að vísa í viðeigandi liði.

MAT Á ÁKVÖRÐUN (8:3)




Ný kynslóð
Ný tækifæri

Staðsetning	Framan	Frá hlið + kraftur eða áhrif	Aftanfrá + kraftur eða áhrif		
Hluti líkamans	Búkur	Handleggur/fótur + kraftur eða áhrif	Höfuð/háls/hnakki + kraftur eða áhrif		
Kraftur	Litill	Miðlungs	Mikill	Óflug, ábyrgðarlaus, hættuleg	Sérstaklega gáleysisleg eða sérstaklega hættuleg eða illkvittisleg aðgerð
Áhrif	Litill	Miðlungs	Mikill	Mjög mikill	Ófældi



Skýrsla fylgir öllum útilokunum og dómurum var uppálagt að sýna bláa spjaldið ef þeir voru í vafa því það er alltaf hægt að draga það til baka. Þessu var síðan breytt fljótlega þannig að dómarar sýna alltaf bláa spjaldið við allar útilokanir nema þegar um þriðju brottvísun er að ræða.

Aukin áhersla hefur verið á að halda námskeið fyrir tímaverði og ritara og skylda öll félög til að sjá til þess að á öllum leikjum í meistaraflokkum séu þeir með réttindi. Taflan vinstra megin sýnir stöðuna í upphafi keppnistímabilsins og hægra megin eftir námskeið í september.

Afturelding	2
Akureyri	0
FH	6
Fjölnir	2
Fram	7
Fylkir	1
Gróttta	0
Haukar	1
HK	1
Hörður	0
ÍBV	0
ÍH	0
ÍR	6
KA	0
KR	0
Milan	2
Selfoss	1
Stjarnan	0
Valur	3
Vikingur	12
Völsungur	0
Þór Ak.	0
Þróttur	0

Afturelding	1
Akureyri	0
FH	7
Fjölnir	2
Fram	7
Fylkir	6
Gróttta	0
Haukar	2
HK	1
Hvítí-riddarinn	2
Hörður	0
ÍBV	4
ÍR	7
KA	0
KR	0
Milan	2
Selfoss	1
Stjarnan	2
Valur	3
Vikingur	12
Þór-Ak	0
Þróttur	1

Þjálfurum var sýnd staðan á undirbúningi dómara, sjá hér fyrir neðan;

Undirbúningur



- Þrekpróf 2. september
- 5 æfingarleikir
- Æfingarskýrsla til dómaranefndar
- 27 dómarar af 33 eru búnir að taka prófið og 21 stóðust það.
- 11 dómarar eru tilbúnir til að dæma í Olísdeild karla.



Kynntur var fundur með fulltrúum félaga, þjálfara, leikmanna og dómara, sjá hér fyrir neðan;

- Fundur með fulltrúum félaga, þjálfara, leikmanna og dómara var haldinn miðvikudaginn 16/8 til að ræða undirbúningsfund dómara og kynna efni hans ásamt því að kalla eftir athugasemdum og ábendingum.
- Danir hafa þennan háttinn á og hafa gert í nokkur ár.
- Aðaláhersla Dana verður „zero tolerance“ við mótmælum frá bekk eða leikmönnum.



Hver er tilgangurinn með mótmælum leikmanna og þjálfara þegar dómari gerir mistök að þeirra mati?

- ✓ Að láta dómara vita að þeir hafi gert mistök svo þeir viti nú örugglega af því
- ✓ Að fá útskýringu á dómnum
- ✓ Sækja áminningu á bekkinn til að „þebba“ upp liðið sitt
- ✓ Fá dómara til að breyta dómnum
- ✓ Hafa áhrif á dómara til að fá þá á sitt band
- ✓ Niðurstaða Dana; AÐ HAFA ÁHRIF Á DÓMARANA!



Arion banki



SAMSKIP



Actavis



VALITOR



Úr gátlista eftirlitsmanna

- Fylgjast með leikmenn og starfsmenn fari að reglum um skiptisvæði.
Einn starfsmaður má standa og stjórna sínu liði en mótmæli eða athugasemdir um dómgaeslu skal stöðva strax („zero tolerance“).
- Ræða við dómara um leikinn og fylla út mat á frammistöðu þeirra og erfiðleikastig leiksins í samráði við þá. *Ef dómarar fylgja ekki fyrirmælum um „zero tolerance“ á leikvelli eða skiptisvæði þá geta þeir aldrei fengið herra en viðunandi í frammistöðu.*



Arion banki



SAMSKIP



Actavis



VALITOR



Annar fundur dómara og eftirlitsmanna var haldinn í janúar 2018 þar sem farið var yfir áherslur vetrarins, tekin videopróf og farið yfir frammistöðumat.

Í vetur var í sjöunda skipti beitt viðurlögum þegar félög útveguðu ekki réttindadómara á leiki í 3. flokki og ef þau gátu ekki tilkynnt C-stigs dómara með þátttökutilkynningum í meistarafllokki. Á næstu blaðsíðu má sjá yfirlit yfir sektir hjá félögunum í meistarafllokki á þessu keppnistímabili sem er ekki enn lokið;

	Eiga að útvega	Hafa tilnefnt	Summa
Afturelding	4	1	285.000 kr.
Akureyri	2	2	- kr.
FH	4	3	95.000 kr.
Fjölnir	4	3	107.500 kr.
Fram	4	4	- kr.
Fylkir	2	0	160.000 kr.
Gróttta	4	0	430.000 kr.
Haukar	4	4	- kr.
HK	4	3	85.000 kr.
Hvítí Riddarinn	2	0	180.000 kr.
ÍBV	4	1	322.500 kr.
ÍR	4	3	95.000 kr.
KA	4	2	170.000 kr.
Mílan	2	1	45.000 kr.
Selfoss	4	2	215.000 kr.
Stjarnan	4	0	430.000 kr.
Valur	4	2	215.000 kr.
Víkingur	4	2	190.000 kr.
Þróttur	2	0	180.000 kr.
	66	33	3.205.000 kr.

Listi yfir sektargreiðslur félaga vegna dómaraskorts.

Ljóst er að sum félög líta á sektargreiðslur sem betri útgönguleið heldur en að útvega dómara. Sektargreiðslur vegna yngri flokka hafa verið á bilinu 400-500 þúsund á hverju tímabili síðustu ár og fyrir meistarflokka hafa þær verið á bilinu 2,4 til 3,3 milljónir og virðist árið í ár ætla að toppa það. Gera má ráð fyrir að sektargreiðslur frá því byrjað var að taka þær upp fyrir sjö árum séu á bilinu 20-24 milljónir.

Fimm A-stigs námskeið voru haldinn hjá jafnmörgum félögum að beiðni félaganna þar sem útskrifaðir voru 112 A-stigs dómarar. Fjölgun er á A námskeiðum frá því í fyrra en betur má ef duga skal. Fyrirlesari á A-stigs námskeiðum í vetur var Bóas Börkur Bóasson og kunnum við honum bestu þakkir fyrir hjálpina.

Þrjú B-stigs námskeið voru haldinn, hjá HK, ÍR og Haukum. Samtals sóttu 132 þessi námskeið. Fyrirlesarar á B-stigs námskeiðum voru Arnar Sigurjónsson og Bóas Börkur Bóasson, kunnum við þeim bestur þakkir fyrir hjálpina.

Tveir C-stigs deildardómarar voru útskrifaðir í ár, Ellen Karlsdóttir og Alexandra Diljá Garðarsdóttir. Þær hafa dæmt í 2. deild karla og Grill66 deild kvenna auk yngri flokka og hlotið lof fyrir. Enn er mikill skortur á dómurum með C-réttindi og er það von okkar að félögin aðstoði við fjölgun í þeirra hópi á næstu misserum.

Talsvert hefur verið rætt um dómara- og eftirlitskostnað og sitt sýnist hverjum. Bókfærður kostnaður HSÍ vegna ferðakostnaðar og dagpeninga og kostnaðar við dómara og eftirlitsmenn nam krónum **12.159.097** á árinu 2017. Hér fyrir neðan má sjá heildarkostnað félagana á keppnistímabilinu 2017-2018 fyrir utan ferðakostnað og dagpeninga;

	Leikjafjöldi	Kostnaður við dómara	Kostnaður við eftirlit	Hlutfall eftirlits
Olís deild karla	132	5.676.000 kr.	1.463.760 kr.	86%
Olís deild kvenna	84	3.612.000 kr.	719.040 kr.	67%
Grill 66 karla	90	3.405.600 kr.	282.480 kr.	24%
Grill 66 kvenna	64	2.421.824 kr.	295.320 kr.	36%
2. deild karla	90	3.405.780 kr.	166.920 kr.	14%
Meistarakeppni HSÍ	2	75.680 kr.	25.680 kr.	100%
Bikarkeppni HSÍ að 4 liða	29	1.097.360 kr.	256.800 kr.	69%
Bikarkeppni HSÍ final	6	361.800 kr.	138.528 kr.	100%
Úrslitakeppni karla	23	1.386.900 kr.	531.024 kr.	100%
Úrslitakeppni kvenna	14	844.200 kr.	323.232 kr.	100%
Umspil	19	1.145.700 kr.	438.672 kr.	100%
Úrslit utandeild	6	117.480 kr.	- kr.	0%
Úrslit yngri flokka 4.fl	28	600.880 kr.	- kr.	0%
Úrslit yngri flokka 2.-3. fl	14	342.440 kr.	- kr.	0%
Bikar yngri flokka 4.fl	52	1.115.920 kr.	- kr.	0%
Bikar yngri flokka 2.-3.fl	35	856.100 kr.	- kr.	0%
Samtals	688	26.465.664 kr.	4.641.456 kr.	

Skrifstofa HSÍ hefur séð um að raða eftirlitsmönnum á leiki eins og undanfarin ár. Hér má sjá sundurliðun á félögin fram að úrslitakeppninni;

Afturelding	16
Akureyri	6
FH	12
Fjölnir	19
Fram	24
Fylkir	4
Gróttta	18
Haukar	29
HK	12
Hvíti Riddarinn	2
ÍBV	15
ÍR	13
KA	8
Mílan	1
Selfoss	17
Stjarnan	19
Valur	24
Víkingur	15
Þróttur	2
	256

Dómarar og eftirlitsmenn EHF hafa verið á ferð og flugi í vetur þar sem þeim hefur verið úthlutað fjölda mjög góðra verkefna.

Anton og Jónas hafa fengið mörg verkefni í EHF meistaradeild karla í vetur og eru viðurkenndir sem eitt af bestu dómaraþörum í heiminum í dag.

Arnar og Svavar hættu að dæma saman síðast liðið haust þegar Arnar ákvað að taka sér frí frá dómgæslu. Svavar fór að dæma með Sigurði H. Þrastarsyni og fóru þeir EHF námskeiði í Drammen og luku þar prófi með sóma helgina 20. til 22. apríl sl.

Bjarki og Gunnar Óli eru aftur komnir á stað eftir veikindi og vonir standa til að þeir klári sinn EHF pakka á næstu mánuðum.

Árni Snær Magnússon og Þorvar Bjarmi Harðarson eru nýtt YRP þar á lista EHF og bindum við vonir um að þeir fái tækifæri fljótlega.

Dómaranefnd hélt nokkra fundi þar sem starfsmaður HSÍ, Magnús Kári Jónsson, sat fundi og skráði þá.

Kristján Halldórsson var dómaranefnd innan handar við að fylgjast með líkamlegu atgervi dómara áttunda árið í röð en í framhaldi af því að HSÍ hóf samstarf við HR um þrekþjálfun þá var ákveðið að dómarar fylgdu þeim pakka og hefur Fannar Karvel séð um skipulag og þrekþjálfun dómara seinni hluta vetrar. HDSÍ hefur einnig stutt dyggilega við bakið á þrekþjálfun dómara undir forystu Bjarna Viggósonar. Dómaranefnd vill þakka öllum þessum aðilum fyrir aðstoðina og stuðningin á árinu.

Árlegur fundur dómaranefndarformanna á Norðurlöndunum var haldinn í Bergen í mars 2018 og sótti Kristján Halldórsson fundinn fyrir hönd Íslands. Þar voru einnig formenn

dómaranefnda EHF og IHF. Rætt var um túlkun leikreglna og stöðu Norðurlandanna í alþjóðlegu samstarfi.

Í apríl 2018 óskaði dómaranefnd eftir því að stjórn HSÍ vísaði tveimu málum, sem sneru að leikbrotum á velli og dómarar sáu ekki, til aganefndar. Samkvæmt myndbrotum sem til voru af þessum brotum var það einróma álit dómaranefndar að vísa þeim til aganefndar en stjórn HSÍ hafnaði því og taldi þau ekki þess eðlis að aganefnd ætti að fjalla um þau. Samkvæmt reglugerð HSÍ hafa eingöngu framkvæmdarstjóri og stjórn HSÍ umboð til að vísa málum um ósæmilega framkomu, þar með talið leikbrotum, til aganefndar. Dómaranefnd telur að þessu þurfi að breyta þannig að hún geti líka vísað málum beint til aganefndar.

Dómaranefnd HSÍ 2017-2018.

Guðjón L. Sigurðsson, formaður
Kristín Aðalsteinsdóttir
Kristján Gaukur Kristjánsson
Valgeir Ómarsson

EHF/IHF dómarar.

Anton Gylfi Pálsson – Jónas Elíasson
Svavar Pétursson

EHF dómarar.

Sigurður H. Þrastarson – Svavar Pétursson
Arnar Sigurjónsson

EHF Candidates.

Bjarki Bóasson – Gunnar Óli Gústafsson

EHF Young Referee Project (YRP)

Árni Snær Magnússon – Þorvar Bjarmi Harðarson

Eftirlitsmenn EHF

Gunnar K. Gunnarsson
Guðjón L. Sigurðsson
Kristján Halldórsson
Ólafur Örn Haraldsson

Deildardómarar HSÍ

Deildardómarar 1
Anton Gylfi Pálsson - Jónas Elíasson
Bjarki Bóasson - Gunnar Óli Gústafsson
Ramunas Mikalonis - Þorleifur Árni Björnsson
Sigurður H. Þrastarson - Svavar Pétursson
Deildardómarar 2
Arnór Jón Sigurðsson - Patrick Maximilian Rittmüller
Bjarni Viggósson - Jón Karl Björnsson
Bóas Börkur Bóasson - Hörður Aðalsteinsson
Hilmar Ingi Jónsson - Magnús Björnsson
Jóhann Gunnar Jóhannsson - Sævar Árnason
Magnús Kári Jónsson - Ingvar Guðjónsson
Sigurgeir M. Sigurgeirsson - Ægir Sigurgeirsson
Deildardómarar 3
Alexandra D. Garðarsdóttir - Ellen Karlsdóttir
Arnar Geir Nikulásson - Guðbjörn Ólafsson
Árni Snær Magnússon - Þorvar Bjarmi Harðarson
Bergvin Haraldsson - Hallgrímur Júlíusson
Daníel Ingi Þórisson - Ricardo Xavier
Matthías Leifsson - Örn Arnarsson
Eyþór Jónsson - Örn Arnarsson
Alina Malkova
Eyþór Jónsson

Eftirlitsmenn HSÍ

Eftirlitsmenn
Arnar Geir Nikulásson
Einar Sveinsson
Gestur Guðrúnarson
Guðjón L. Sigurðsson
Gunnar K. Gunnarsson
Gísli H. Jóhannsson
Hlynur Leifsson
Ingvar Guðjónsson
Kristján Halldórsson
Kristján Gaukur Kristjánsson
Kristín Aðalsteinsdóttir
Ólafur Örn Haraldsson
Reynir Stefánsson
Valgeir Egill Ómarsson

Guðjón L. Sigurðsson (sign) formaður

SKÝRSLA FRÆÐSLU- OG ÚTBREIÐSLUNEFNDAR HSÍ

Fræðslu- og útbreiðslunefnd var skipuð þeim Þorbergi Aðalsteinssyni og Styrmí Sigurðssyni.

Þjálfaramenntun

Síðast liðið ár hafa voru þjálfaranámskeið tvisvar sinnum, um mánaðarmótin ágúst/september og svo aftur fyrstu helgina í janúar. Til stóð að hafa námskeið í byrjun júní en þau féllu niður þar sem skráning var ekki nógu góð.

Um mánaðarmótin ágúst/september hófust aftur námskeið á 2. og 3. stigi, 14 voru skráðir á 2. stigið en 15 á 3. stigið. Þau námskeið héldu síðan áfram í byrjun janúar og var skráning með svipuðum hætti. Fyrirlesarar eru reynslumiklir þjálfarar úr deildinni hér heima auk þess sem Aðalsteinn Eyjólfsson (þjálfari Emsdetten í þýsku úrvalsdeildinni) sá um hluta námskeiðsins í janúar. Þá var einnig leitast ef því að fá fólk með sérþekkingu á sínu sviði; Fannar Karvel (styrktarþjálfari), Agnes Þóra Árnadóttir (næringarfræðingur) og Einar Óli Þorvarðarson (sjúkraþjálfari).

Illu hefur gengið að fá skráningu á 1. stigs námskeið og náðist því miður ekki tilskilinn fjöldi þátttakenda í undanfarin tvö skipti sem námskeið hafa farið fram. Þátttöku og skipulag 1. stigs námskeiða þarf að fara betur yfir með félögunum svo hægt verði að koma þeim aftur í réttan farveg.

Afreksmaður framtíðarinnar

Fyrirlestrar í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og landsliðsnefndir karla og kvenna hafa farið fram tvisvar á undanfögnu ári, í september og janúar. Þar hafa mætt öll yngri landslið karla og kvenna og boðið er uppá stutta fyrirlestra frá fagfólki. Þetta framtak hefur mælst vel fyrir, ekki bara hjá handboltifólki heldur einnig hjá öðrum sérsamböndum sem nú hafa hug á að koma af stað svipuðu framtaki hjá sínum landsliðum. Fyrirlesarar voru m.a.; Dean Martin (Mælingar HR), Erlingur Richardsson (Þol og styrkur), Agnes Þóra Árnadóttir (Æfingar og næring), Snorri Steinn Guðjónsson & Karen Knútsdóttir (afreksíþróttamaður 24/7), Aðalsteinn Eyjólfsson (Þýskaland, hvað þarf til?).

Útbreiðsla

Handboltamót í 7. og 8. flokki á norðurlandi hafa farið frábærlega af stað og er nú haldin þrisvar sinnum ári. KA, Þór og Völsungur senda stóra hóp á mótið og hafa í kringum 150 krakkar sótt hvert mót. Þessi mót eru mikil gulrót fyrir iðkendurnar og styðja vel við gott yngri flokka starf norðan heiða. Í nánustu framtíð stendur til að reyna að fá lið í mótið frá bæjarfélögunum í kringum Akureyri en þess þarf að koma af stað kynningum á íþróttinni á svæðinu í samstarfi við félögin fyrir norðan.

Annað

Óskað hefur verið eftir því til EHF að MasterCoach námskeið verði haldið á Ísland árið 2019-2020. Ekki hafa borist svör frá EHF vegna þessa erindis.

F.h. fræðslu- og útbreiðslunefndar,
Magnús Kári Jónsson

SKÝRSLA AGANEFNDAR HSÍ

Í aganefnd sátu á starfsárinu eftirtaldir:

Gunnar K. Gunnarsson, formaður
Arnar Friðriksson, lögfræðingur
Sverrir Pálmason, lögfræðingur

Til vara:
Vala Valtýsdóttir, lögfræðingur

Á starfsárinu fram til 24. apríl hélt aganefnd 24 bókaða fundi og tók fyrir mál sem henni voru send. Öll mál voru afgreidd.

Aganefnd fjallar fyrst og fremst um brot vegna rauðra spjalda með skýrslu en einnig um rautt spjald við 3ju ítrekun eða fleiri, sem og mál sem til hennar er vísað af stjórn HSÍ eða framkvæmdastjóra.

Gunnar K. Gunnarsson
Formaður.

10. Gjaldkeri leggur fram reikninga HSÍ

Arnar Þorkelsson, gjaldkeri HSÍ, lagði fram ársreikninga. Í stað þess að lesa upp tölur úr skýrslunni kvaðst hann heldur vilja veita innsýn í reksturinn og skiptingu gjalda og tekna í myndrænu formi og útskýra hvað þar lægi á bak við, rétt eins og hann gerði í fyrra.

Handknattleikssamband Íslands

Ársreikningur

2017

Handknattleikssamband Íslands

Ársreikningur

2017

Efnisyfirlit

Gerð ársreiknings og áritun skoðunarmanna	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-9
Sundurliðanir	10-14

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar Handknattleikssambands Íslands.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings Handknattleikssambands Íslands fyrir árið 2017 byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða sambandið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík 24. apríl 2018

Fjárstoð ehf.



Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Handknattleikssambands Íslands höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning 2017 sem áritaður er af Fjárstoð ehf. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn sambandsins og ber hún ábyrgð á honum í samræmi við starfskyldur hennar.

Við könnunina kom ekkert það fram sem bendir til annars en reikningsskilin séu í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda.

Reykjavík, 24. apríl 2018



Guðmundur Þ. Frimannsson



Jón Gestur Viggósson

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Handknattleikssambands Íslands fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tap Handknattleikssambands Íslands á árinu 2017 nam kr. 38.752.198. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 18.676.590, bókfært eigið fé í árslok er neikvætt um kr. 41.410.752.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Handknattleikssambands Íslands koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Handknattleikssambands Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík 24. apríl 2018

Í stjórn


Pjetur Pétursson
Dan S. Geir
Arnar Þorhjelsson


Guðrún L. Svarðsson
Guðrún Guðjónsdóttir
Hjördís Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri


Robert Geir Gíslason

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Styrkir ÍSÍ og Lottó		65.791.672	51.068.742
Aðrir styrkaraðilar		83.957.049	94.900.567
Tekjur af landsleikjum		29.076.364	19.245.634
Íslandsmót		16.909.874	16.430.611
Aðrar tekjur		10.947.713	17.543.522
		<u>206.682.672</u>	<u>199.189.076</u>
Kostnaður landsliða		(114.195.590)	(85.982.209)
Laun og launatengd gjöld	3	(47.632.663)	(43.267.151)
Verktakagreiðslur		(34.523.493)	(25.296.569)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(8.489.084)	(8.446.202)
Annar rekstrarkostnaður		(11.502.643)	(11.722.255)
Mótakostnaður		(25.714.389)	(31.501.821)
		<u>(242.057.862)</u>	<u>(206.216.207)</u>
Rekstrartap		(35.375.190)	(7.027.131)
Fjármunatekjur		143.028	40.259
Fjármagnsgjöld		(2.990.995)	(2.795.856)
Gengismunur		(529.041)	370.445
	4	<u>(3.377.008)</u>	<u>(2.385.152)</u>
Tap ársins		<u>(38.752.198)</u>	<u>(9.412.283)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	3.803.099	6.358.303
		<u>3.803.099</u>	<u>6.358.303</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	6	9.429.856	30.418.538
Aðrar skammtímakröfur	6	5.385.304	8.706.941
Handbært fé	6	58.331	24.943
		<u>14.873.491</u>	<u>39.150.422</u>
Eignir		<u>18.676.590</u>	<u>45.508.725</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Ójafnað tap	7	(41.410.752)	(2.658.554)
Eigið fé, (neikvætt)		<u>(41.410.752)</u>	<u>(2.658.554)</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	8	42.115.833	28.320.944
Skuldir við lánastofnanir		14.451.853	11.274.819
Aðrar skammtímaskuldir	8	3.519.656	8.571.516
		<u>60.087.342</u>	<u>48.167.279</u>
Skuldir		<u>60.087.342</u>	<u>48.167.279</u>
Eigið fé og skuldir		<u>18.676.590</u>	<u>45.508.725</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartap		(35.375.190)	(7.027.131)
Afskriftir		2.555.204	2.555.204
Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta		(32.819.986)	(4.471.927)
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun		24.310.319	5.061.741
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		8.213.988	5.088.427
Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(295.679)	5.678.241
Innborgaðir vextir		143.028	410.704
Greiddir vextir		(2.990.995)	(2.795.856)
Handbært fé (til), frá rekstri		(3.143.646)	3.293.089
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	5	0	(2.614.446)
		0	(2.614.446)
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir		3.177.034	(676.200)
		3.177.034	(676.200)
Hækkun handbærs fjár		33.388	2.443
Handbært fé í upphafi árs		24.943	22.500
Handbært fé í lok árs		58.331	24.943
Aðrar upplýsingar			
Veltufé til rekstrar		(36.196.994)	(6.857.079)

Skýringar

1. Starfsemi

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) hefur frá stofnun á árinu 1957 verið samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga sem iðka, æfa og keppa í handknattleik innan ÍSÍ.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Handknattleikssambands Íslands fyrir ráðið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

HSÍ er ekki tekjuskattskyld en félagið greiðir virðisaukaskatt af veltu sem fellur undir skattskyldu virðisaukaskattslaga og greiðir fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum sínum.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og bægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2017	2016
Laun	36.576.762	34.132.617
Lífeyrissjóður	2.962.547	2.835.410
Önnur launatengd gjöld	4.934.823	4.004.135
Annar starfsmannakostnaður	3.158.531	2.294.989
	<u>47.632.663</u>	<u>43.267.151</u>

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2017	2016
Vaxtatekjur af bankareikningum	143.028	40.259
	<u>143.028</u>	<u>40.259</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	(1.319.231)	(1.023.633)
Fjármagnstekjuskattur	(9.430)	(2.521)
Dráttarvaxtagjöld	<u>(1.662.334)</u>	<u>(1.769.702)</u>
	(2.990.995)	(2.795.856)
Gengismunur:		
Gengismunur	<u>(529.041)</u>	<u>370.445</u>
	<u>(529.041)</u>	<u>370.445</u>
	<u>(3.377.008)</u>	<u>(2.385.152)</u>

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Áhöld vélar og tæki	Íþröttagölf	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	10.444.577	2.331.445	12.776.022
Staða í árslok	<u>10.444.577</u>	<u>2.331.445</u>	<u>12.776.022</u>
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	4.552.563	1.865.156	6.417.719
Afskrift ársins	<u>2.088.915</u>	<u>466.289</u>	<u>2.555.204</u>
Staða í árslok	<u>6.641.478</u>	<u>2.331.445</u>	<u>8.972.923</u>
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	5.892.014	466.289	6.358.303
Bókfært verð í árslok	<u>3.803.099</u>	<u>0</u>	<u>3.803.099</u>
Afskriftarhlutföll	20%	20%	

Skýringar

6. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur	31.12.2017	31.12.2016
Innlendar viðskiptakröfur	9.716.213	32.868.138
Greiðslukort	60.000	209.400
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(346.357)	(2.659.000)
	<u>9.429.856</u>	<u>30.418.538</u>
Aðrar skammtímakröfur	31.12.2017	31.12.2016
Virðisaukaskattur	1.665.597	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	1.707.555	6.694.789
Aðrar kröfur	2.012.152	2.012.152
	<u>5.385.304</u>	<u>8.706.941</u>
Handbært fé		
Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.		
	31.12.2017	31.12.2016
Bankainnstæður í íslenskum krónum	58.170	4.564
Bankainnstæður í erlendra mynt	161	379
Sjóður	0	20.000
	<u>58.331</u>	<u>24.943</u>

7. Eigið fé

	Ójafnað tap
Eigið fé 1.1.2016	7.403.926
Leiðrétting vegna fyrri ára	(650.197)
Hagnaður/(tap) ársins	<u>(9.412.283)</u>
Eigið fé 1.1.2017	(2.658.554)
Hagnaður/(tap) ársins	<u>(38.752.198)</u>
Eigið fé 31.12.2017	<u>(41.410.752)</u>

8. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir	31.12.2017	31.12.2016
Innlendar viðskiptaskuldir	42.115.833	28.320.944
	<u>42.115.833</u>	<u>28.320.944</u>
Aðrar skammtímaskuldir	31.12.2017	31.12.2016
Virðisaukaskattur	0	661.030
Fyrirframinnheimtar tekjur	2.000.287	4.366.888
Ógreidd laun og launatengd gjöld	1.519.369	3.543.598
	<u>3.519.656</u>	<u>8.571.516</u>

Sundurliðanir

	2017	2016
ÍSí og Lottó		
ÍSí Afreksmannasjóður	41.500.000	29.642.873
ÍSí Útbreiðslustyrkur	3.062.038	2.964.310
ÍSí Aðrir styrkir	3.600.000	1.800.000
ÍSí Lottó	17.629.634	16.661.559
	<u>65.791.672</u>	<u>51.068.742</u>
Aðrir styrkaraðilar		
Ýmsir styrkir	26.275.353	15.906.989
Fastir styrkir	55.992.934	78.693.578
Þáttökugjöld	1.688.762	300.000
	<u>83.957.049</u>	<u>94.900.567</u>
Tekjur af landsleikjum		
Auglýsingatekjur landsleikir	19.940.018	10.834.900
Aðgangseyrir	7.783.396	7.631.162
Sjoppa landsleikir	1.352.950	779.572
	<u>29.076.364</u>	<u>19.245.634</u>
Íslandsmót		
Mótagjöld	12.085.542	9.186.251
Sektir	3.112.732	6.818.360
Leikskýrslugerð	1.029.600	426.000
Úrslitagjald	682.000	0
	<u>16.909.874</u>	<u>16.430.611</u>
Aðrar tekjur		
Ýmsar tekjur	815.324	902.193
Sjoppa bikar	1.598.493	1.632.000
Námskeið	1.525.000	3.143.700
Ferðastyrkir	31.604	5.590.799
Félagsskipti milli landa	3.327.792	3.349.830
Félagsskipti innanlands	3.649.500	2.925.000
	<u>10.947.713</u>	<u>17.543.522</u>

Sundurliðanir

	2017	2016
Pátttaka í mótum		
A landslið karla		
Flug	17.486.706	20.355.801
Annar ferðakostnaður	2.449.975	739.360
Gisting	625.237	2.691.111
Gisting erlendis	4.599.939	2.211.360
Gisting án vsk	138.500	266.762
Fæði innanlands	2.251.599	3.169.899
Fæði erlendis	388.374	1.468.767
Bílaleigubílar	533.093	2.174.996
Akstur	513.209	996.850
Sími	0	127.780
Búningar	2.884.537	154.093
Þvottur	58.656	172.011
Harpix og sjúkravörur	621.658	511.624
Sjúkrakostnaður	1.691.533	2.366.694
Tryggingar	193.046	0
Húsaleiga	2.325.274	3.446.310
Myndbönd og spólur	0	135.370
Gjafir og viðurkenningar	0	124.480
Dagpeningar	3.669.549	3.335.316
Auglýsingar án vsk	279.481	270.000
Kostnaður vegna landsleikja	11.707.843	0
Annar kostnaður	3.780.620	636.499
Endurgreiddur ferðakostnaður	0	300.000
Annar þáttökukostnaður	0	442.380
	56.198.829	46.097.463
A landslið kvenna		
Flug	8.838.687	9.692.314
Annar ferðakostnaður	842.036	185.790
Gisting	428.999	2.038.470
Gisting erlendis	3.245.247	17.724
Fæði innanlands án vsk	157.000	430.995
Fæði erlendis	123.642	0
Bílaleigubílar	117.062	240.488
Akstur	282.600	564.300
Búningar	2.111.105	23.900
Þvottur	15.066	0
Harpix og sjúkravörur	390.454	41.457
Sjúkrakostnaður	1.216.535	1.244.323
Tryggingar	84.160	0
Húsaleiga	735.984	160.000
Myndbönd og spólur	0	138.296
Dagpeningar	2.152.396	2.261.652
Annar kostnaður	859.030	344.745
Annar þáttökukostnaður	141.570	0
	21.741.573	17.384.454

Sundurliðanir

	2017	2016
Yngri landslið karla		
Flug	13.129.355	9.206.031
Gisting erlendis	5.618.605	9.164.648
Annar ferðakostnaður	960.424	396.670
Fæði innanlands	0	45.920
Fæði innanlands án vsk	10.077	65.105
Bílaaleigubílar	523.397	51.304
Akstur	366.500	245.001
Búningar	0	12.220
Þvottur	0	81.977
Harpix og sjúkravörur	197.684	23.471
Sjúkrakostnaður	3.030.415	1.067.857
Tryggingar	284.804	0
Húsaleiga	848.100	820.485
Dagpeningar	1.953.207	1.390.087
Annar kostnaður	153.336	360
Endurgreiddur ferðakostnaður	(9.734.433)	(7.040.283)
Annar þáttökukostnaður	5.361.564	335.757
	<u>22.703.035</u>	<u>15.866.610</u>
Yngri landslið kvenna		
Flug	6.237.341	2.031.999
Gisting	0	2.863.200
Gisting erlendis	2.241.870	1.479.133
Annar ferðakostnaður	60.599	323.630
Fæði innanlands án vsk	204.712	290.854
Akstur	71.000	453.642
Þvottur	0	7.754
Harpix og sjúkravörur	5.162	0
Sjúkrakostnaður	395.000	4.992
Tryggingar	52.659	0
Húsaleiga	729.133	397.750
Dagpeningar	403.344	541.621
Annar kostnaður	117.750	0
Endurgreiddur ferðakostnaður	(4.864.158)	(2.881.800)
Annar þáttökukostnaður	0	266.107
	<u>5.654.412</u>	<u>5.778.882</u>
Erlend landslið		
Gisting	5.124.616	854.800
Fæði innanlands án vsk	1.661.105	0
Akstur	944.600	0
Annar kostnaður	167.420	0
	<u>7.897.741</u>	<u>854.800</u>
Þátttaka í mótum alls	<u>114.195.590</u>	<u>85.982.209</u>

Sundurliðanir

	2017	2016
Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	36.576.762	34.132.617
Bifreiðastyrkir	2.334.725	2.148.347
Dagpeningar	45.158	36.351
Tryggingagjald	2.962.547	2.835.410
Lífeyrissjóður	4.252.278	3.446.156
Aðrir sjóðir	682.545	557.979
Annar starfsmannakostnaður	778.648	110.291
	<u>47.632.663</u>	<u>43.267.151</u>
Verktakagreiðslur		
Verktakagreiðslur starfsmanna	1.300.153	1.237.000
Verktakagreiðslur þjálfara	30.441.768	20.020.291
Sérfræðikostnaður	2.705.901	3.956.184
Aðrar verktakagreiðslur	75.671	83.094
	<u>34.523.493</u>	<u>25.296.569</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Rekstur bifreiðar v/skrifstofu	22.339	340.154
Húsaleiga v/skrifstofu	3.016.400	1.863.276
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	2.601.821	2.201.055
Sími	1.104.690	1.305.235
Burðargjöld	212.300	61.815
Pappír, prentun og ritföng	295.304	166.512
Bækur, blöð og áskrift	66.918	63.995
Skrifstofutæki og áhöld	69.179	64.135
Fundir og ráðstefnur	336.147	1.124.367
Gjafir og styrkir	0	21.300
Tryggingar	564.045	1.047.309
Annar kostnaður	199.941	187.049
	<u>8.489.084</u>	<u>8.446.202</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Sjoppa	1.164.103	956.031
Þjónustugjöld bankar og kortafyrirtæki	934.543	378.194
Lokahóf	496.680	693.100
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur	2.019.662	3.500.000
Fræðslu- og nefndarkostnaður	4.210.575	3.469.353
Afskriftir	2.555.204	2.555.204
Ýmis kostnaður	121.876	170.373
	<u>11.502.643</u>	<u>11.722.255</u>
Mótakostnaður		
Kostnaður Íslandsmóts	17.342.437	15.595.122
Annar kostnaður við mót	8.275.718	15.430.784
	<u>25.618.155</u>	<u>31.025.906</u>

Sundurliðanir

	2017	2016
Kostnaður vegna Olís deildar og Bikarkeppni		
Flug	(61.737)	76.000
Gisting	36.750	0
Annar ferðakostnaður	0	6.022
Fæði innanlands án vsk	22.593	83.153
Akstur	44.920	1.090
Húsaleiga	53.708	35.750
Auglýsingar	0	250.000
Annar kostnaður	0	23.900
	<u>96.234</u>	<u>475.915</u>
Mótakostnaður alls	<u>25.714.389</u>	<u>31.501.821</u>

11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Orðið var gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

Þórir Haraldson, formaður handknattleiksdeildar Selfoss, bað um orðið og steig upp í pontu. Hann þakkaði stjórn HSÍ og gjaldkera fyrir og minntist á að við erum ekki nógu dugleg að þakka fyrir. Hann hrósaði afreksstarfinu og kvaðst ánægður að tekið sé á fólksubrotum og myndavélataækni nýtt í það. Þá hann lagði áherslu á að við erum að vinna fyrir börnin okkar og framtíðina.

Reikningar voru lagðir undir atkvæði.

Framlagðir reikningar voru samþykktir samhljóða.

12. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsár

Arnar Þorkelsson gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun 2018. Eins og sjá mátti er áætlað að rekstrartekjur verði um 232 milljónir, sem er á pari við það sem áætlað var á síðasta ári. Á móti eru áætluð rekstrargjöld upp á 227 milljónir. Hagnaður ársins ætti því að verða um 6 milljónir. Þar á móti komi til vaxtagjöld svo þegar allt er talið ætti hagnaðurinn að verða um 4 milljónir.

Gjaldkeri lagði til að fjárhagsáætlun verði vísað til fjárhagsnefndar.

Tillögu um fjárhagsáætlun var vísað til fjárhagsnefndar.

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2018

	Skýr.	2018 Áætlun	2017 Rauntölur	2017 Áætlun
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og styrkir	1	79.350.000	65.791.672	69.564.310
Aðrir styrktaraðilar	2	96.400.000	83.957.049	116.600.000
Tekjur af landsleikjum	3	27.300.000	29.076.364	20.800.000
Íslandsmót	4	18.415.000	16.909.874	16.034.500
Aðrar tekjur	5	11.000.000	10.947.713	9.700.000
Rekstrartekjur alls		232.465.000	206.682.672	232.698.810
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	6	83.482.500	82.156.156	71.015.369
Kostnaður v. landsliða	7	105.808.000	114.196.590	104.429.065
Kostnaður v. mótahalds	8	22.500.000	25.714.389	33.900.000
Rekstur mannvirkja og gólf	9	3.150.000	3.016.400	2.100.000
Rekstur skrifstofu	10	5.650.000	5.594.560	6.890.000
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	11	2.000.000	4.210.575	3.500.000
Kostnaður v. samkeppnisreksturs	12	1.100.000	1.164.103	1.000.000
Annar kostnaður	13	1.400.000	3.450.885	1.090.000
Afskriftir v. íþróttagólfs		1.825.000	2.555.204	2.560.000
Rekstrargjöld samtals		226.915.500	242.058.862	226.484.434
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		5.549.500	-35.376.190	6.214.376
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur	15	150.000	143.028	410.000
Vaxtagjöld	15	-1.500.000	-1.857.702	-2.600.000
Dráttarvextir	15	-500.000	-1.662.334	0
		-1.850.000	-3.377.008	-2.190.000
Hagnaður (tap) tímabilsins		3.699.500	-38.753.198	4.024.376

13. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu

Allar tillögur að lagabreytingum koma frá laganefnd HSÍ, sem er millipinganefnd.

Þingskjal nr. 4



61. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

28. apríl 2018

Þingskjal nr: 4

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

V. kafli Stjórn HSÍ

14. gr. Skipulag stjórnar HSÍ

Stjórn HSÍ skipa:

- a. formaður
- b. varaformaður
- c. ~~ritari~~
- c. gjaldkeri meðstjórnandi (fjármál)
- d. formaður markaðs- og kynningarnefndar
- e. formaður dómaranefndar
- f. formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar
- g. formaður landsliðsnefndar karla
- h. formaður landsliðsnefndar kvenna
- i. formaður mótanefndar

VI. kafli Nefndir HSÍ

19. gr. Fastanefndir

Stjórn HSÍ skal að loknu handknattleikspingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

- a. aganefnd
- b. búninganefnd
- c. deildarnefnd
- d. dómaranefnd
- e. fræðslu- og útbreiðslunefnd
- f. heiðursmerkjanefnd
- g. laganefnd
- h. landsliðsnefnd karla
- i. landsliðsnefnd kvenna
- j. læknanefnd
- k. mótanefnd
- l. móttökunefnd
- l.m. markaðs- og kynningarnefnd

...

31. gr. Markaðs- og kynningarnefnd

Markaðs- og kynningarnefnd skal hafa umsjón með markaðs- og kynningarmálum HSÍ.

Rökstuðningur:

Breytingin er tvíþætt.

Í fyrsta lagi er verið að breyta heitinu gjaldkeri í stjórn í meðstjórnandi með ábyrgðarsvið fjármál innan stjórnar. Með þeirri breytingu er gegnsærra hvert hlutverk viðkomandi er innan stjórnar en viðkomandi aðili hefur eftirlitsskyldu að gegna gagnvart bókhaldi sambandsins sem og reikningum.

Í öðru lagi er verið að fella niður stöðu ritara innan stjórnar enda hefur sú staða ekki verið virk í eðli sínu. Þess í stað er stofnuð markaðs- og kynningarnefnd og mun formaður þeirrar nefndar fá sæti í stjórn. Tilgangur nefndarinnar er að veita skrifstofu HSÍ stuðning í markaðs- og kynningarmálum.



61. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

28. apríl 2018

Þingskjal nr: 5

Tillaga um Lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

15. gr. Kosning stjórnar HSÍ

Stjórn HSÍ er kosin á handknattleiksþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnina skipa 9 menn.

Fyrst skal kjósa beinni kosningu formann til ~~eins-tveggja ára~~, næst skal kjósa 4 stjórnarmenn til tveggja ára og skulu þeir kosnir beinni kosningu í viðkomandi embætti. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir.

...

16. gr. Verkaskipting stjórnar HSÍ

Formaður skal boða til stjórnarfunda og stjórna þeim. Stjórnarfundir skulu haldnir eigi sjaldnar en annan hvern mánuð.

Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn eftir stjórnarfundum skal til hans boðað eigi síðar en 7 dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.

Stjórn HSÍ skal skipta með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum. Á fyrsta stjórnarfundum skal stjórnin skipta með sér verkum. ~~Þannig að einn stjórnarmaður er varaformaður, annar er gjaldkeri, þriðji er ritari, fjórði er formaður dómaranefndar, fimmti er formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar, sjötti er formaður landsliðsnefndar karla, sjöundi er formaður landsliðsnefndar kvenna og sá áttundi formaður mótanefndar.~~

...

Bráðabirgðaákvæði

Á ársþingi HSÍ 2018 skal kjósa formann og stjórnarmenn til eins árs. Á ársþingi HSÍ 2019 skal kjósa meðstjórnanda, formann dómaranefndar, formann mótanefndar, formann landsliðsnefndar kvenna til eins árs en aðra til tveggja ára.

Rökstuðningur:

Breytingin er tvíþætt.

Í fyrsta lagi er verið að lengja kjörtímabil formanns í 2 ár frá árinu 2019.

Í öðru lagi er verið að leggja það til að stjórn HSÍ skiptir ekki lengur með sér verkum á fyrsta fundi heldur verði kosið beinni kosningu í öll embætti.

Breytingin mun taka gildi árið 2019 og því verða stjórnarmenn, sem eru í kjöri á ársþingi 2018, kosnir til eins árs. Á ársþingi 2019 verður svo kosið um öll embætti, 4 stjórnarmenn til eins árs og 4 til tveggja ára. Með því er tryggt til lengri tíma að ekki verði skipt út öllum embættum í senn.

	61. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll 28. apríl 2018 <u>Þingskjal nr: 6</u>
Tilloga um Lög HSÍ Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ	

17. gr. Starfssvið stjórnar HSÍ

Stjórn HSÍ lítur eftir því að lög HSÍ, reglugerðir HSÍ og leikreglur séu haldnar og getur hún vísað brotum aðila til aganefndar HSÍ til úrskurðar. Í sérstökum tilfellum þegar lög þessi eða reglugerðir HSÍ eru ekki fullnægjandi getur hún tekið til skoðunar sjálfstætt brot aðila og hefur heimild til að beita viðurlögum vegna brota á lögum þessum, reglugerðum og leikreglum. Viðurlögin geta verið leikbönn, tímabundið bann, áminning, ávitur og sektir.

~~beitt þeim viðurlögum er getur í lögum þessum.~~

Rökstuðningur:

Verið er að laga orðalag þar sem þar sem fyrri tilvísun var of opin og ónákvæm.

14. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar

Þór Björnsson, frá Fram, steig í pontu og kom með tillögu varðandi eftirlitsmenn á leikjum... hann telur kominn tími til að skoða þurfi þetta. Við veltum fyrir okkur hver er tilgangurinn með þessu.

Þingforseti lagði fram tillögu um að málinu verði vísað til allsherjar- og laganefndar.

Það var samþykkt hljóðalaust.

Guðmundur B. Ólafsson formaður HSÍ sté í pontu og veitti Guðjóni L. Sigurðsyni gullmerki fyrir vel unnin störf hjá sambandinu.

---- Þinghlé meðan þingnefndir starfa ----

Þingfulltrúum fjölgaði um þrjá, úr 40 í 43:

Afturelding: Ásgeir Sveinsson

Selfoss: Gunnar Jón Yngvason, Einar Sindri Ólafsson

15.-16. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Ákveða þátttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils

Arnar Þorkelsson fékk orðið. Hann þakkaði þeim fyrir sem tóku þátt í störfum fjárhagsnefndar og sagði umræðurnar hafa verið mjög góðar og skemmtilegar. Samfara því að leggja fram fjárhagsáætlun til samþykktar var samþykki á þátttökugjöldum á komandi tímabili tekið fyrir. Fjárhagsnefnd leggur til að gera eina breytingu á fjárhagsáætlun, það er að hækka áætlun um dráttarvexti um 500 þúsund þannig að áætlunin fer upp í 1 milljón. Breytingin veldur því að hagnaður tímabilsins verður 3,2 milljónir í staðinn fyrir 3,7 milljónir. Að öðru leyti leggur nefndin til að fjárhagsáætlun standi eins og hún er í þinggögnum.

Smávægilegar breytingar eru á þátttökugjöldum fyrir komandi tímabil. Þátttökugjöld fyrir úrvalsdeild fara úr 330 þús. í 350 þús., 1. deild fer úr 55 þús. í 150 þús., 2. deild fer úr 55 þús. í 100 þús. og utandeild úr 30 þús. í 35 þús. Þátttökugjöld fyrir 2., 3. og 4. flokk fara í 20.000,- sem var áður 16.500,- og að lokum fer kostnaður við leikskýrslugerð úr 1.100,- í 1.500,-. Ástæðan fyrir því að ekki var farið í flata hækkun á gjöldum út frá vísitölu er að myndast hafði ákveðið gat milli þess sem þátttökugjöld eru og beinn kostnaður HSÍ sem snýst að mestu leyti um flug og uppihald dómara. Fyrsta og önnur deild báru hlutfallslega lítinn kostnað af því og þar eru mestu breytingarnar frá fyrra ári. Fjárhagsnefnd leggur til að þetta verði samþykkt óbreytt miðað við það sem er í þinggögnum.

Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða með breytingartillögu.

Óbreytt þátttökugjöld voru samþykkt samhljóða.

Davíð B. Gíslason fékk orðið.

Þingskjal nr. 4

Lagt til að fallið sé frá breytingu á nafni gjaldkera en aðrar breytingar verði samþykktar.

Þingskjal nr. 4 var samþykkt samhljóða með breytingartillögu.



61. Ársging HSÍ haldið í Laugardalshöll

28. apríl 2018

Pingskjal nr: 4.1

Tillaga um Lög HSÍ
Elstærnaflí: Laugardalshöll HSÍ

V. kafli Stjórn HSÍ

14. gr. Skípulag stjórnar HSÍ

Stjórn HSÍ skipa:

- a. formaður
- b. varaformaður
- ~~c. ritari~~
- ~~d.c.~~ gjaldkeri
- ~~e.d.~~ formaður markaðs- og kynningarnefndar
- ~~f.e.~~ formaður dómaranefndar
- ~~g.f.~~ formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar
- ~~h.g.~~ formaður landsliðsnefndar karla
- ~~i.h.~~ formaður landsliðsnefndar kvenna
- ~~j.i.~~ formaður mótanefndar

...

VI. kafli Nefndir HSÍ

19. gr. Fastanefndir

Stjórn HSÍ skal að loknu handknattleikspingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

- a. aganefnd
- b. búninganefnd
- c. deildarnefnd
- d. dómaranefnd
- e. fræðslu- og útbreiðslunefnd
- f. heiðursmerkjanefnd
- g. laganefnd
- h. landsliðsnefnd karla
- i. landsliðsnefnd kvenna
- j. læknanefnd
- k. mótanefnd
- ~~l.~~ móttökunefnd
- ~~l.m.~~ markaðs- og kynningarnefnd

...

31. gr. Markaðs- og kynningarnefnd

Markaðs- og kynningarnefnd skal hafa umsjón með markaðs- og kynningarmálum HSÍ.

Rökstuðningur:

Breytingin er tvíþætt.

Í fyrsta lagi er verið að breyta heitinu gjaldkeri í stjórn í ~~meðstjórnandi~~ með ábyrgðarsvið fjármál innan stjórnar. Með þeirri breytingu er gegnsærra hvert hlutverk viðkomandi er innan stjórnar en viðkomandi aðili hefur eftirlitsskyldu að gegna gagnvart bókhaldi sambandsins sem og reikningum.

Í öðru lagi er verið að fella niður stöðu ritara innan stjórnar enda hefur sú staða ekki verið virk í eðli sínu. Þess í stað er stofnuð markaðs- og kynningarnefnd og mun formaður þeirrar nefndar fá sæti í stjórn. Tilgangur nefndarinnar er að veita skrifstofu HSÍ stuðning í markaðs- og kynningarmálum.

Þingskjal nr. 5

Lagt til að verði samþykkt óbreytt að teknu tilliti til breytinga á þingskjali nr. 4.

Þingskjal nr. 5 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 6

Lagt til að verði samþykkt óbreytt að teknu tilliti til breytinga á þingskjali nr. 4.

Þingskjal nr. 6 var samþykkt samhljóða.

Tillaga frá allsherjar- og laganefnd

Ársping HSÍ skorar á stjórn HSÍ að endurskoða reglur um störf eftirlitsmanna og kostnaðaskiptingu eftirlita í samráði við félögin.

Hugsunin er sú að fara ofan í reglur sem um þetta gilda svo að hægt sé að hámarka bæði nýtinguna og samvinnuna annars vegar milli félaganna og eftirlitsmannana og hins vegar milli eftirlitsmanna og dómara. Þá er hugsunin einnig sú að réttlæta skiptinguna á milli félaga í samræmi við fjölda liða og fjölda eftirlita, og hvort hægt sé að brjóta eitthvað upp úttektir á annars vegar dómurum og hins vegar húsnæði.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

17. Önnur mál

Þingforseti tilkynnti að Davíð B. Gíslason hafi beðið um orðið og bauð honum að stíga í pontu.

Davíð vildi koma tveimur málum á framfæri. Það fyrra varðar vinnuna sem HSÍ og ÍSÍ hafa verið að vinna í tilefni af #metoo umræðunni. Hann sagði að upp hafi komið margar og erfiðar lýsingar gagnvart atburðum og atvikum sem hafa komið upp í íþróttahreyfingunni og það væri ljóst að handboltahreyfingin væri ekkert undanskilin í því. Mörg tilvik snertu hreyfinguna og eru gríðarlega erfið. Þetta eru erfið mál til að taka á. Þetta eru erfið verkefni sem íþróttahreyfingin stendur frammi fyrir. Davíð minntist á að í laganefnd ÍSÍ væru töluvert mörg mál. Skilaboðin sem bæði ÍSÍ og HSÍ hafa verið að leggja út með eru að **við ætlum ekki að líða ofbeldi**. Það er og verður alltaf útgangspunkturinn. Við munum ekki líða það að á okkar vettvangi tíðkist einhvers konar ofbeldi, af hvaða toga sem það er. Hann sagði að sér hefði fundist gott að heyra Sigríði fara yfir það fyrr á þinginu að auðvitað snýr þetta að öllum atvikum, þetta er ekki eingöngu kynferðisofbeldi. Ofbeldi getur komið fram á alls konar stigum og gerðum, og gagnvart öllum. Hreyfingin glímir við verkefni sem tengjast bæði börnum og fullorðnum og samskiptum þeirra, t.d. samskipti þjálfara og iðkenda. Þannig að þetta er gríðarstórt verkefni.

Davíð fór aðeins yfir það hvernig ÍSÍ hefur verið að taka á þessu. Þar hefur gríðarlega mikil vinna verið lögð í þetta málefni. Þeir hafa sett saman og eiga gríðarlegt magn af efni sem er hægt að nýta sér til að vinna með gagnvart stjórnarmönnum félaga, þjálfurum og fleirum sem koma að þessum samskiptum sem þurfa að vera. ÍSÍ hefur verið að funda með sérsamböndunum, sérstaklega þeim stóru, um það hvernig er hægt að samhæfa viðbrögð og aðgerðir og setja saman áætlanir. Hugurinn var mikill þegar lagt af stað en þetta er stórt verkefni sem er í vinnslu og er ekki komið eins langt og sambandið hefði viljað. Upplýsingahnappurinn er þessi fyrsta snerting þegar eitthvað kemur upp. Mikilvægt er að menn kynni sér hann og ÍSÍ hefur hvatt sérsamböndin og félög til að nýta sér þennan hnapp til að setja á heimasíður sínar. Davíð hvatti fundarmenn til að nýta sér það. Þegar maður ýtir á þennan hnapp fer maður inn á heimasíðu ÍSÍ þar sem er bæði hægt að sækja sér fræðsluefni og alls konar kynningar og svör við ýmsum spurningum. Gott er að fara í gegnum þetta efni af því að hlutverk handknattleikssambandsins er að koma öllum þessum málum í réttan farveg í hendurnar á hlutlausum og faglegum aðilum. Hjá ÍSÍ er í gangi endurskoðun bæði á lögum og reglum. Í lögum ÍSÍ er ákvæði um að þeir sem hafa orðið sekir um kynferðisbrot samkvæmt hegningalögum er óheimilt að starfa hvort sem er sem sjálfboðaliðar eða sem launþegar í íþróttahreyfingunni. Þetta ákvæði nær hins vegar til fæstra þeirra atvika sem hafa komið upp undanfarið. Auk þess er búið að endurskoða skilyrðin til fyrirmyndarfélaganna, búið er að setja inn ákvæði þessu tengdu, gerðar kröfur til félaganna að þau séu með ákveðnar reglur og áætlanir í gangi. Búið er að útbúa ákveðna verkferla í samráði við fagaðila um tilkynningar um brot. ÍSÍ á einn fulltrúa, Hafðísi Hinriksdóttur handboltakonu, í starfshópi Menntamálaráðuneytisins sem vinnur að því að útbúa viðmiðunarreglur og einhverjar úrbætur, bæði fyrir félögin og einhvers konar fagteymi til að vinna betur að þessum málum. Davíð benti þingfulltrúum á að í gangi væri umsóknarferli í samráðsgátt sem þessi starfshópur er með. Þau óska eftir því að fá tillögur, umræðupunkta og allt sem að hægt er að gera. Davíð hvatti öll félög til að skoða þetta og nýta sér áður en umsóknarfresturinn rynni út þann 7. maí 2018. Þetta væri vettvangur til að fá samhljóm í vinnuna sem annars væri unnin eftir sérstöðu hvers félags.

Davíð fór aðeins yfir það sem búið er að gera í þessu málefni. Handknattleikssambandið hefur sett inn fræðsluerindi í gegnum afreksstarfið um þessi mál. Fyrirlesturinn heitir afreksmaður framtíðarinnar og Hafdís sér um hann. Haldnir hafa verið tveir slíkir fundir, fjölmennir, sem hefur verið góður hljómgrunnur með. Í vetur hefur sambandið verið að vinna að endurskoðun þessara siðareglna en eins og formaðurinn kom inn á fyrr á þinginu þá er ætlunin að hinkra aðeins með þessa vinnu til að vera í samfloti með þessum samráðshóp. Sambandið vildi ekki fara í einhverjar heildstæðar breytingar á sínum reglum fyrr en niðurstaða liggur fyrir hjá samráðshópnum. Vonir standa til að það verði mjög fljótlega sem verður hægt að vinna þetta þannig að sambandið geti komið þessum reglum strax áfram með haustinu.

Að lokum fór Davíð lauslega yfir hvað er framundan hjá HSÍ í tengslum við það sem ÍSí hvetur sérsamböndin til að gera. Hann lagði áherslu á að það væri gríðarlega mikilvægt að handboltahreyfingin sé mótækileg fyrir þessum kvörtunum og því sem kemur upp hjá iðkendum hennar. Það er mjög algengt að nándin við þessi atvik sé mjög mikil. Samfélagið er lítið, þetta eru tengdir aðilar, það er erfitt að koma fram. Hreyfingin þarf að beina fólki á rétta staði til hlutlausra fagaðila. Hvorki HSÍ né félögin geta skorast undan, ekki frekar en ÍSí, og verið er að mynda ákveðin teymi sem að grípa þessi mál og hjálpa fólki að koma þeim í réttan farveg. Aftur hvatti Davíð þingfulltrúa til að koma sínu sjónarmiði inn í samráðsgáttina og sagði að sambandið fylgir heilshugar því markmiði sem það lagði af stað með, sem er það að við líðum ofbeldi ekki í neinu samhengi.

Orðið er boðið laust um þetta málefni.

Guðjón L. Sigurðsson bað um orðið og steig í pontu.

Tók hann undir það að þessi umræða væri mjög góð og löngu tímabær. Hann vildi líka benda á, í sambandi við að ofbeldi verði ekki liðið, að þegar hreyfingin fær unga dómara til að mæta á leiki og dæma í húsunum og lenda í því að það er öskrað á þá og þeir nýddir niður og eftir leik, er enginn sem aðstoðar þau. Enginn kemur eftir leik og talar við þau og þau fara grátandi heim. Þetta er líka ofbeldi. Guðjóni sagði að stundum liði honum eins og enginn hefði áhuga á þessu málefni þegar hann bæri það upp á borð.

Orðið var aftur boðið laust um þetta málefni. Fleiri báðu ekki um orðið.

Þingforseti gaf Davíð B. Gíslasyni aftur orðið til að tala um agamál.

Fólskubrot hafa verið töluvert í umræðunni og það hvort sambandið ætli ekki að reyna að stöðva þau. Davíð telur að allir geti verið sammála um það að enginn vilji hafa fólskubrot inni á íþróttavellinum, hvorki hér né annars staðar. Hann talaði um að þeir sem koma að regluverkinu og dómurunum og öllu því tengdu þurfa að hafa reglur sambandsins og vinnubrögð í samræmi þannig að verið sé að stemma stigu við þetta, stöðva þetta og koma í veg fyrir þetta. Þá er alltaf spurningin hversu langt á að ganga og hvernig á að takast á við þetta. Þetta er ekkert nýtt heldur kemur alltaf upp aftur og aftur. Ábyrgð hreyfingarinnar er sú að taka á þessu og afgreiða þetta, án þess þó að vera sífellt í einhverjum eltingaleik að breyta leiknum. Af því að leikurinn er, eins og við höfum alltaf vitað, leikur með snertingu. Þannig að það verður aldrei komist hjá einhverjum átökum en það eru þessi fólskubrot sem fara framhjá augum dómara og eru gerð til þess að meiða sem eru sérstaklega hættuleg.

Regluverkið í handbolta hefur breyst hvað þetta varðar. Í fyrsta lagi var því breytt fyrir nokkrum árum að dómari skal taka tillit til afleiðingar brotsins þegar hann metur hvaða refsing er viðeigandi. Einnig hefur því verið bætt við að eftirlitsmenn hafa heimild til að grípa inn í, benda dómurum á atvik sem fór framhjá þeim og taka á málinu. Undanfarið hefur nokkuð verið rætt um notkun myndbanda. Samkvæmt núverandi regluverki er aganefnd heimilt að nota myndbandsbrot til að styðjast við, við ákvörðun refsinga. Rætt var á ársþinginu í fyrra og jafnvel líka árið þar á undan að til að auka vægi þessara myndbandsupptaka við ákvörðun refsinga þá er nauðsynlegt að skylda félögin til þess að taka upp. Af því að það verða allir að sitja við sama borð. Til þess að hægt sé að nota myndbönd þá verður að vera öruggt að allir leikur séu teknir upp. Rætt hefur verið um það að frá og með næsta ári verði stefnan sú að félögin verði skyldug að taka upp alla leiki í efstu deild. Ásamt því að reglugerðinni verði breytt þannig að aganefnd *skuli* en ekki *megi* taka tillit eða hafa hliðsjón af myndbandsupptöku. Þetta mun skapa meiri möguleika fyrir okkur að takast á við þetta, að fá augu aganefndar á þessi atvik, auk þess sem þetta eykur samræmi í vinnu aganefndarinnar. Mat stjórnar HSÍ er að ekki eigi að endurskoða ákvarðanir dómara. Ef stjórn metur svo að dómari hafi séð atvikið ætti ekki að endurskoða það hvort sem dómariinn dæmdi rétt eða rangt. Davíð sagði að hlutverk stjórnarinnar væri þá einmitt að grípa inn í ef hún sér atvik sem eru ekki undir radar dómara í viðkomandi leik og skjóta þeim málum til aganefndar. Svo er hins vegar spurningin, er þessi afstaða rétt, er það kannski okkar hlutverk að skoða brotið á myndbandi þar sem við erum með betra sjónarhorn en viðkomandi dómari. Vill handboltahreyfingin hafa aganefndina í því hlutverki að vera að endurskoða einhverjar ákvarðanir dómara sem flokkast undir fólkskubrot. Hversu langt ætlum við að teygja þetta, þetta er mjög hættuleg lína. Hvenær ætlum við að stoppa. Davíð telur flesta vera sammála um að aganefndin eigi ekki að geta breytt vítadómum eða öðru slíku. Þetta snýr alltaf að fólkskudæminu en hreyfingin verður að passa þessa línu. Í lokin tók Davíð fram að þessi myndbandsnotkun leysi ekki vandamál yngri flokkanna þó að vissulega berist stundum myndbönd frá yngri flokkunum.

Orðið er boðið laust.

Þorgeir, frá Haukum bað um orðið og steig í pontu.

Hann tók undir hvert einasta orð sem Davíð sagði og telur tíma vera kominn til að stíga niður fæti í þeirri óumflýjanlegu þróun sem er í gangi. Hann sagði óumflýjanleg af því að hreyfingin hefur ekki stigið niður fæti af nægilegu afli til að stoppa þessa þróun. Eins og kom fram áðan eru þessi brot farin að sjást líka í yngri flokkunum og Þorgeir sagði að það væri bara hvað ungur nemur gamall temur. Það er bara orðið þannig að þetta er allt í sjónvarpinu og ef krakkarnir sjá hetjurnar sínar komast upp með svona brot þá herma þeir eftir. Þorgeir vill ekki sakast við dómara vegna þess hve hraðinn í leikjunum er orðinn mikill. Með tilkomu markmannskiptingarinnar séu ákveðin atriði blind móment sem engin leið er að dómariinn sjái, en myndbandið sér allt. Að lokum áréttar Þorgeir að hreyfingin ætti að stíga verulega fast niður fæti áður en einhver verður fyrir varanlegum skaða í þessari íþrótt.

Guðjón L. Sigurðsson fékk næstur orðið.

Guðjóni finnst fólkskubrotum fjölga með hverju árinu, því miður. Dómararnir hafa sín vopn, sem er útilokun, og þeim hefur verið beytt mjög mikið í vetur og síðasta vetur, og ekki að ósekju.

Varðandi það sem dómara sjá ekki eða geta ekki séð og ef það er til myndband af því, hver er þá ástæðan fyrir því að taka ekki á því. Guðjón sagðist skilja að það væri verið að tala um eitthvað jafnræðissjónarmið ef allir leikir eru ekki teknir upp. Sjálfsgagt verður það þannig að myndavélin nær ekkert öllu. Til eru dæmi um það þar sem maður hefur meiðst og ekki getað spilað meira að myndbrotið sýndi ekki hvað gerðist. Guðjón telur það vera lykilatriði að ef það sést að verið er að beyta fólkskubroti og það er til myndband af því þá á að taka á því. Það þýðir ekki að sambandið nái öllu en það nær allavega öllu sem allir sjá og þess vegna á að taka á því.

Svo er hitt, að hverjir eiga að fá að vísa málum til aganefndar. Nýlegt dæmi er um að dómara nefndin vildi vísa tveimur málum til aganefndar en stjórnin hafnaði því. Stjórnin hefur sín rök og dómara nefndin hefur sín rök og þær eru ekki sammála. Það er oft þannig enda er fólk ekki skyldugt til að vera sammála. Dómara nefndinni finnst að hún eigi líka að hafa heimild til að vísa málum til aganefndar ef að slík mál koma upp án þess að þurfa að bera það undir stjórn eða framkvæmdastjóra.

Guðjóni fannst ástæða til að minna á að það að þegar verið sé að vísa máli til aganefndar er ekki verið að ákveða að leikmaður fari í bann. Verið sé að vísa málum til aganefndar til umfjöllunnar og aganefnd tekur síðan ákvörðun um hvað verður gert. Guðjón telur að hingað til hafi verið galli á regluverkinu sem felst í því að aganefnd fari of mikið eftir því sem stendur í skýrslu dómara í stað þess að skoða málið nánar. Í kjölfarið halda margir að dómara setji leikmenn í bann. Guðjón telur mikilvægt að það megi ekki vera þannig að dómara séu undir ákveðinni pressu að taka ákvörðun um hvort leikmaður eigi að fara í bann eða ekki. Það ætti að vera þannig að aganefndin fari yfir málin, meti þau og ákveði hvort leikmaður skuli fara í bann en ekki að dómara geri það sjálfvirk. Guðjón bað þinggesti um að hafa þetta í huga þegar þessi mál verða rædd frekar.

Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, bað um orðið og steig í pontu.

Guðmundur telur að allir þingfulltrúar séu sammála um að það eigi að taka á þessum brotum. Hann sagði að það væri alveg rétt sem Guðjón kom inn á að það hafi verið deilur um það hvenær eigi að vísa málum til aganefndar og hvenær ekki, hvað teljast vera fólkskubrot og hvað ekki. Þá einkum þessi þunna og fína lína um það hvenær dómari hefur dæmt fyrir leikbrot á velli og hvort að það sé ástæða til þess að fara að endurskoða þær ákvarðanir, t.d. 2 mín. sem að annarra mati ætti að vera rautt spjald og bann. Þetta er eitthvað sem hreyfingin þarf að vinna með og þróa einhverja línu í því. Guðmundur telur að það væri mjög gott fyrir stjórnina að fá stuðning frá þinginu um það að taka á þessum brotum þannig að félögin finni það að það er ekki bara stjórnin sem er að breyta aðeins um takt, hún hefur gert það í vetur með því að fara eftir myndböndunum, og mun taka enn harðar á því. Þess vegna vildi hann koma á framfæri tillögu að ályktun þingsins.

Tillagan hljóðar svo: Sextugasta og fyrsta ársþing HSÍ samþykkir að beina því til stjórnar að taka hart á fólkskubrotum á leikvelli. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að leikmenn komist upp með fólkskubrot enda skaða slík brot jákvæða ímynd handknattleiksþróttarinnar bæði gagnvart yngri iðkendum og almenningi.

Guðmundur telur skynsamlegt að þetta séu skilaboðin frá þinginu og stjórnin vinni síðan ákveðnar verklagsreglur í því. Hann tók það fram í lokin að hann er ósammála því að útvíkka

Það hverjir geti vísað málum til aganefndar. Stjórnin og framkvæmdastjórinn eiga að passa upp á að ímynd handknattleikshreyfingarinnar sé í heiðviðrum höfð. Guðmundur telur að þar eigi valdið að vera en ekki hjá einstaka nefndum.

Orðið er boðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti leggur tillöguna undir þingið.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Orðið var gefið laust.

Jarprúður Hanna, frá Fjölni, bað um orðið og steig í pontu.

Jarprúður tekur undir það sem kom fram hjá fulltrúa Fylkis fyrr á þinginu og skorar á stjórn HSÍ að koma með félögunum í þá vegferð að reyna að fjölga iðkendum. Hún telur að ansi mörg félög standi frammi fyrir því að fótboltinn er að taka yfirhöndina.

Þá beinir hún spurningu sinni til stjórnar og framkvæmdastjóra um það hvort sambandið hafi skoðað tilvonandi áhrif persónuverndarlöggjafar um söfnun upplýsinga um iðkendur og leikmenn í landsliðum og skilyrði þess að leita samþykkis viðkomandi fyrir gagnaöflun.

Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, tekur til máls um málefnið.

Hann segir að varðandi fyrri hlutann þá sé markmið sambandsins alltaf að fjölga iðkendum. Á síðasta þingi var því velt upp hvort breyta þyrfti fyrirkomulagi á æfingum hjá yngri flokkunum, t.d. að blanda fleiru inn í til að gera íþróttina meira aðlagandi. Guðmundur telur mikilvægt að taka þá umræðu upp aftur og skoða það betur í samstarfi við sérfræðinga í þjálfun. Hann tekur undir að handknattleikshreyfingin þurfi að bregðast við og finna leiðir í því að fá fleiri iðkendur inn, sérstaklega í yngri flokkana.

Varðandi persónuverndarspurninguna svara Guðmundur neitandi og segir að stjórnin sé ekki byrjuð að skoða það. Lögin séu ekki komin og stjórnin þurfi að styðjast við lögin þegar farið verður í slíka vinnu en hann viðurkennir að stjórnin hafi ekki verið byrjuð að hugsa út í þetta. Guðmundur telur líklegt að skoða þurfi hvernig upplýsingar um iðkendur eru skráðar og geymdar og annað slíkt, sérstaklega hjá yngri iðkendum.

Orðið var gefið laust.

Þór Björnsson, Fram, bað um orðið og steig í pontu.

Þór vill beina umfjöllun sinni um mótamál yngri flokka til stjórnar og framkvæmdastjóra HSÍ. Hann telur mótamál yngri flokka í vetur ekki hafa verið góð. Hluta af því er mögulega hægt að útskýra með starfsmannabreytingum en þó er innan HSÍ gríðarleg þekking á mótamálum. Þór vildi beina þeim tilmælum til sambandsins hvort hægt væri að auka fagmennsku í mótamálunum. Honum finnst vanta meiri ramma um það hvernig fjölldamótin eru sett upp og að HSÍ myndi þá framfylgja því og gera athugasemdir þar sem það á við. Þá sagði hann fjölldamótin vera mjög misjöfn. Honum fannst mótamálin vera komin í gott horf fyrir nokkrum árum en finnst þau vera að fara aftur á bak. Í vetur bar svolítið á því sem Þór vill kalla „sjoppumót“ þar sem er klukkutíma bið á milli leikja. Auk þess gangi það ekki að börnin séu að

spila til kl. 21:00 eða 21:30 á kvöldin. Tímataflan sé til þannig að hvert félag ætti ekki að þurfa að finna upp hjólið á hverju móti. Vissulega þurfi að taka tillit til liðanna úti á landi, en upp að vissum mörkum. Þór sagði að HSÍ þyrfti að senda skýrari leiðbeiningar til félagana um það hvernig framkvæmd fjölíðamótanna eigi að fara fram.

Þingforseti sagði að þessu hafi verið komið til skila og verður tekið fyrir hjá mótanefnd.

Orðið var aftur gefið laust en enginn kvaddi sér hljóðs.

18. Kosning stjórnar

Fyrst er kjörinn formaður. Sitjandi formaður, Guðmundur B. Ólafsson, var einn í framboði til formanns HSÍ fyrir næsta starfsár. Hann telst sjálfkjörinn.

Þingheimur staðfesti endurkjör Guðmundar B. Ólafssonar til formanns með lófaklappi.

Fjögur voru í framboði fyrir fjögurra manna aðalstjórn HSÍ. Þau voru:

- Arnar Þorkelsson
- Guðríður Guðjónsdóttir
- Reynir Stefánsson
- Þorgeir Haraldsson

Stjórn er sjálfkjörin og þingheimur staðfesti það með lófaklappi.

Þá voru tilnefndir þrír varamenn í stjórn til eins árs:

- Hannes Karlsson
- Inga Lilja Lárusdóttir
- Magnús Karl Daníelsson.

Engar aðrar tillögur bárust né aðrar athugasemdir.

Ofangreindir þrír voru lýstir réttkjörnir varamenn í stjórn HSÍ til eins árs.

19. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara

Tilnefndir tveir skoðunarmenn reikninga voru:

- Magnús Erlendsson
- Theodór Ingi Pálmason

Til vara voru tveir eftirtaldir skoðunarmenn tilnefndir:

- Guðmundur Frímannsson
- Jón Gestur Viggósson

Engin mótframboð eða aðrar tillögur bárust.

Tilnefndir tveir skoðunarmenn og tveir varaskoðunarmenn teljast allir réttkjörnir.

20. Kosning í dómstól HSÍ, þrír aðaldómarar og þrír til vara, allir löglærðir

Þingforseti steig til hliðar og fól varaþingforseta, Kristjáni Gauki Kristjánssyni, að fjalla um þennan lið vegna þess að hann var sjálfur tilnefndur í dómstól HSÍ.

Tilnefndir þrír aðaldómarar í dómstól HSÍ voru:

- Bjarki Þór Sveinsson
- Grímur Sigurðsson
- Smári Hilmarsson

Þrír varamenn í dómstól HSÍ voru tilnefndir:

- Ágúst Sindri Karlsson
- Bergþóra Sigmundsdóttir
- Guðmundur Þór Jónsson

Engar athugasemdir né aðrar tillögur bárust.

Þau töldust öll réttkjörin í dómstól HSÍ.

21. Kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, þrír aðaldómarar og þrír til vara, allir löglærðir

Tilnefndir þrír aðaldómarar voru:

- Gunnar Jónsson
- Jóhannes Albert Sævarsson
- Þorsteinn Einarsson

Tilnefndir þrír varadómarar voru:

- Benedikt Bogason
- Guðjón Marteinnsson
- Þorsteinn Einarsson

Engar athugasemdir né aðrar tillögur bárust.

Töldust þeir allir réttkjörnir í áfrýjunardómstól HSÍ.

22. Kosning fulltrúa á íþróttapeing ÍSÍ

Þingforseti bar fram þá tillögu að vali á fulltrúum á íþróttapeing verði vísað til stjórnar. Vaninn sé að stjórnin skipi fulltrúa á íþróttapeing. Þó ber samkvæmt lögum að kjósa um þetta á ársþingi. Þingforseti spurði hvort tillagan væri samþykkt.

Samþykkt samhljóða að val á fulltrúum á íþróttapeing ÍSÍ verði sett í hendur stjórnar HSÍ.

23. Þingslit

Þingforseti bauð nýkjörinn formann, Guðmund B. Ólafsson, upp í pontu til að ljúka þinginu.

Guðmundur B. Ólafsson þakkaði traustið fyrir endurkjör stjórnar. Hann sagði að á þinginu hefðu komið fram mörg brýn mál sem að stjórnin þurfi að taka á og að boðað yrði til

formannafundar þegar þau mál skýrast, til frekari umræðu. Að lokum þakkaði formaðurinn fyrir gott þing og góðar umræður.

61. ársþingi HSÍ slitið.